



Bjarni Benediktsson, dagblöð 1948-1949, 4. hluti

Bjarni Benediktsson – Dagblöð

Einungis fréttir og greinar tengdar Bjarna Benediktssyni eru skannaðar og sýndar hér en dagblöð má sjá á vef Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafns, timarit.is

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 6-9

— RÆÐA BJARNA BENEDIKTSSONAR

Framh. af bls. 1
átt verulegan þátt í, að löggjöf
bessi var sett.

En úr því kommúnistar vilja
þakka sjer sinn hlut í setning
laganna, þá komast þeir held-
ur ekki undan að taka ábyrgð-
ina af kostnaðinum að sínum
hluta.

Til almannatrygginganna er
varið h. t. b. 21 miljón króna.
Út af fyrir sig vildu allir lands-
menn, að sú löggjöf væri sett.
Það eina, sem ýmsir eruðust um
var, hvort Íslendingar hefðu
efni á að standa undir svo stó-
fellið almannatryggingum.

Einn hópur var þó, sem ekki
taldi kostnaðinn nægan, held-
ur vildi enn þar á auka og eyða
stófje umfram það, sem ákveð-
ði var. Þetta voru kommúnist-
ar, meðalnir, sem nú hamast
með yfir, hve ríkisútgjöldin
síeu orðin mikil.

Samþykka útgjöld, en móttfallnir tekjum

Þá eru það dýrtíðarmálín. Til
þeirra var eftir 2. umr. sam-
tals aðstaða h. u. b. 75 milj. kr.,
og þær við bætast $6\frac{1}{2}$ milj. kr.
vegna veiðibrests 1948 og í
raun rjettir, einnig mest af nið-
urgreiðslum á skuldum og á-
byrgðum ríkissjóðs, samtals kr.
20 milj. fyrir utan 7 milj. kr.
vaxtagreiðslur, því að þessar
skuldbindingar hafa flestar orð-
ði til í sambandi við verðlags-
og dýrtíðarmálin. Er þá til þess-
ara mál að varið meira en 100
milj. eða rúmlega þriðung af
öllum útgjöldum ríkisins.

Rjett er að vísu, að útgjöldin
vegna dýrtíðarráðstafana eru
nú miklu hærri en var á meðan
kommúnistar voru í stjórn. Fyr
ir sitt leyti samþykktu þeir þó
þá alla meginliði þeirra út-
gjalda, sem enn eru uppistaðan
í þessum gífurlega kostnaði.

En afstaða kommúnista kom
glögglega fram í því, að þeir
vildu t. d. í árslok 1946 sam-
þykka fiskábyrgðina, sem þá
var nýjung, og reyndist kosta
rúmlega two miljóna tugi, en
vildu hins vegar hvorki sjá fyr-
ir sjerstökum tekjustofni til að
standa undir þessum útgjöldum
nje heldur gerðu þeir ráð-
stafanir til að veita fje til beirra
af almennri fjárhæð fjárlag-
anna.

Barna kemur enn glögglega
frum hin kommúnistiska að-
ferð. Þeir samþykka hækkan-
ir og fjáraustur úr ríkissjóði,
en vilja ekki með neinu móti
gera honum fært að standa við
skuldbindingar sínar.

Með þeirri löggjöf, sem komm-
únistar áttu þátt í að setja og
þakka sjer að verulegu for-
göngu um, svo sem t. d. fisk-
ábyrgðina, var sem sagt smið-
uð aðaluppistaðan í dýrtíðarú-
tgjöldunum gífurlegu nú. Hitt
er rjett, að þau hafa enn auk-
ist frá því, sem var, jafnvel
þótt tillit sje tekið til fiskábyrgð-
arinnar, sem sett var í árslok
1946, áður en núverandi stjórn
tók við.

En af hverju stafar þessi
þekkun?

Ýmist ef verðbreytingum út
á við, sem Íslendingar ráða ekki
að neinu leyti yfir, eða af hæk-
andi verðlagi innanlands og það
á meðan hlut að mál.

Verkföll til að skapa atvinnuleysi

Skömmu eftir að núverandi
stjórn tók við völdum efndu
kommúnistar til viðtækra verk-
falla og var verkamannafjelag-
ið Dagsbrún látið vera bar i
forystu. Því var að vísu yfir-
lyst af kommúnistum, að verk-
föll þessi væri ekki fyrst og
fremst vegna hagsmuna verka-
manna, heldur til að steypa rík-
isstjórninni, hrunstjórninni,
sem þeir kölluðu svo. Verkföll
bessi stóðu lengi, og þeim lykt-
aði bannig, að nokkrar kaup-
hækkanir voru veittar, þó
hvergi nærrí eins miklar og
kommúnistar höfðu ætlað að
knýja fram.

Nú var það auðvitað svo, að
allir hefðu út af fyrir sig óskað
eftir, að unnt væri að bæta
kjör verkamanna og alls al-
mennings. Andstaðan, sem veitt

var þessum kaupkröfum, kom
hins vegar af því, að menn voru
sannfærðir um, að atvinnuveg-
ir landsmanna mundu ekki geta-
stöðið undir hærra kaupgjaldi
en þá var.

Sumir hafa sagt: Kaupgjaldið
var hækkað en stöðvun atvinnu-
vegina varð ekki, þess vegna var
andstaðan gegn kauphækku-
num 1947 ástæðulaus.

Það er rjett, að forða tókst
frá stöðvun atvinnuveganna.
Aðferðin til þess var sú, að rík-
ið tók á sig baggann.

Afstaða atvinnuveganna versnar

Afstaða atvinnuveganna út á
við varð verri og verri. At-
vinnuvegnum var hjálpað til
að starfa áfram með fernu móti:

1) Innleifar framleiðsluaf-
urðir, einkum landbúnaðarins,
voru borgaðar stórkostlega nið-
ur til þess að halda verðlag-

inu innanlands lægra en ella
hefði orðið.

2) Sumar aðfluttar vörur
voru einnig greiddar niður í
sama tilgangi.

3) Vegna þess, að verðlagið
innanlands var of hátt, þrátt
fyrir þessar stórkostlegu nið-
urgreiðslur, varð að taka á-
byrgð á hærra sölu-verði út-
flutningsafurðanna, en fáanlegt
var erlendis.

4) Ríkið tók að sjer að greiða
eftir á hella þeirra, sem verst
hafa orðið úti, sbr. síldarkreppu-
ráðstafanirnar.

Kauphækkanirnar, sem hjer-
urðu 1947, þegar kommúnistar
ætluðu að steypa ríkisstjórn-
inni, náðu að vísu ekki þeim
megin tilgangi, heldur þvert á
móti þjóppuðu almenningu sam-
an til fylgis við ríkisstjórnina.
Þær megnuðu heidur ekki að
stöðva atvinnuvegina, eins og
kommúnistar vonuðu. En þing-
menn kommúnista fóru ekki
dult með það vorið 1947, að
vegna verkfallanna mundi
strax þá um haustið verða kom-
in svo mikil dýrtíð, að atvinnu-
vegirnir af þeim sökum mundu
stöðvast.

Þetta mark náðist ekki. En
hitt tókst, að leggja óhæfileg-
ar byrðar á ríkissjóð. Þetta hef-
ur leitt til þess, að ríkissjóður
hefur stofnað til miljóna tuga-
skulda, svo að lengur er ekki
unnt að hækka afstafaði þeirri

braut. Ennfremur hefur af lítið dugað, því að sem betur
bessu leitt, að nýjar og nýjar fer hefur ekkert raunverulegt
álfögur verður að leggja á
landsmenn til að standa undir
beinum og óbeinum hallarekstri
atvinnuveganna.

Kommúnistar efna til nýrrar dýrtíðaröldu

Nú eru kommúnistar að
reyna að koma af stað nýrra
stórkostlegri dýrtíðar- og kaup-
gjaldskröfuöldu. Kommúnistar
stýðja þá kröfugerd við hæk-
andi dýrtíð. Þetta er einmitt sú
afleiðing verkfallanna 1947,
sem ríkisstjórnin og styðjend-
ur hennar sögðu þá fyrir. Þeir
bentu strax á, að kauphækkan-
ir slíkar, sem þá voru fram
knúnar, mundu ekki koma al-
menningi að neinu gagni, held-
ur einungis leiða til växandi
vandræða og aukins ófarnað-
ar. Andstaðan, sem veitt

var þessum kaupkröfum, kom
hins vegar af því, að menn voru
sannfærðir um, að atvinnuveg-
ir landsmanna mundu ekki geta-
stöðið undir hærra kaupgjaldi
en þá var.

Sumir hafa sagt: Kaupgjaldið
var hækkað en stöðvun atvinnu-
vegina varð ekki, þess vegna var
andstaðan gegn kauphækku-
num 1947 ástæðulaus.

Annars er augljóst, að kom-
múnistar eru orðin ærið lang-
eygir eftir stöðvun atvinnuveganna,
hruni og atvinnuveganna.

Strax 6. febrúar 1947, þegar
Einar Olgeirsson lýsti and-
stöðu flokks síns við ríkis-
stjórnina á Alþingi, er stjórnin
var nýmynduð, sagði hann, að
ætlunin væri „að leiða aftur
atvinnuleysi — yfir fólkio“.

19. mars 1947, sagði Þjóð-
viljinn, að unnið væri að „skipulagningu atvinnuleysis-
á Íslandi“.

30. ágúst 1947, eftir hið mikla
síldarleysisár, segir Þjóðvilj-
inn: „Einmitt nú með hausti-
nu finna þúsundir manna ó-
þyrmilega til þess, hvernig
hrunstjórnin er að skapa
kreppu og atvinnuleysi“.

Tilraunir kommúnista til atvinnuleysis hafa mistekist enn

Þjóðviljinn var og ekki i
vafa um, hvað það var, sem
kom í veg fyrir „fyrirætlanir
ríkisstjórnarinnar og fjárhags-
rás um atvinnuleysi“ veturinn

1948. Hinn 10. febrúar 1948,
sagði Þjóðviljinn, að það hefði
verið Faxaflóasíldin, sem
„hindraði“ þessar fyrirætlanir,
sem vissulega hefði mátt kalla
djöfullegar, ef sannar hefði
verið.

Hinn 11. maí 1948 sagði blað-
ið, að „stefna ríkisstjórnarinnar“
væri „kreppa, atvinnuleysi“.

Pannig mætti lengi halda á-
fram. Sem betur fer hafa þessi
spáðomar ekki ræst. Faxa-
flóasíldin brást í vetur. Prátt
fyrir það hefur tekist að halda
uppi fullri atvinnu hjer á
lándi og þá einkum hjer í
höfuðborginni.

Þó að kommúnistar hafi
skorað á menn og reynt að
smala mönnum við atvinnu-
leysis skráningar hefur það

stukku fyrir borð af stjórnar-
fleyinu um áramótin 1947. —

Þeir vildu njóta vinsældanna
af því að hafa eytt þeim fjá-
munum, sem safnast höfðu fyr-
ir annara tilverknað en þeirra.
Þeir vildu hins vegar ekki taka
þátt i að leysa örðugleikana
eða bera ábyrgð á ástandinu,

sem hlaut að verða, þangað til

öll nýsköpunartækin væri kom-
in í notkun, en eftir að erlendu

innstæðurnar voru úr sögunni.

Þetta tímabil hlaut ætið að
verða örðugt, og ekki sist í
samanburði við velsældartíma-
na fyrst eftir ófriðinn. Var og
öllum ljóst, að meira en vafas-
amt væri, að mögulegt yrði,
jafnvel eftir að nýsköpunar-
tækin væru öll orðin að fullu
gagni, að halda við sömu lifs-
kjörum í landinu og verið
hafði meðan menn voru á
skammri stundu að eyða hinu
mikla fje, sem safnast hafði á
striðsárunum. ,

Allir nýsköpunartogararnir
eru ekki komnir til landsins
enn í dag og sá atvinnuvegur,
sem óhemju fje var lagt í, sildar-
útvegurinn, hefur orðið fyr-
ir stöðugum hrakföllum allt frá
því þessi mikla fjárfesting átti
sjer stað. Nægir þar að minna
á fjögur síldarleysissumur í
röð, og hrekur ein ágæt Hval-
fjárdarsíldarvertið skammt til
að bæta upp öll þau skakka-
föll, enda er alltof kunnugt,
að síldin ljet einnig á sjer
standa á þeim slóðum á s.l.
vetri, eftir að miklu fje hafði
verið varið til að undirbúa mó-
tökum hennar.

Ad svo vöxnu málí var því
óumflýjanlegt, að hjer hlaut að
verða örðugur tími um skeið.

Auðvitað sá kommúnistar
ekki síldarleysið fyrir. Það
var í þeirra augum óvæntur
hvalreki, sem þeir höfðu ekki
reiknað með. En þeir sá hitt
og reiknuðu rjett, að þessi ár
hlutu að verða erfiðleikaár og
jafnvel liklegt, að um skeið
kæmi hjer atvinnuleysi og
vandræði. Pannig hlaut það í
raun rjettir að verða eftir þeim
hagfræðilögumálum, sem kom-
múnistar reiknuðu með.

Það var þess vegna engan veg
inn út í bláinn, heldur byggð á
ákvæðum staðreyndum, þegar
kommúnistar æ ofan í æ hafa
spáð atvinnuleysi og hrundi
þessi ár. En hjer hefur farið á
allt annan veg en kommúnistan
sögðu fyrir. Atvinnuleysið og
hrundið hafa hvortvégga, sem
betur fer, látið á sjer standa.

Hjer hafa auðvitað orðið ör-
ugleikar, en miklu minni en
kommúnistar sögðu fyrir.

Lífskjörin hjer hafa batnað, versnað annars staðar

Á sama tíma og aðrar þjóðir
eru að keppast við að ná jafn-
göðum lífskjörum og þær
höfðu fyrir síðustu styrjöld,
hefur fróðum mönnum talis-
svo til, að raunverulegar gjald-
eyristekjur þjóðarinnar á manni
hafi á síðasta ári orðið tvö-
falt meiri en þær voru fyrir
striðið og innflutningur al-
mennra neysluvara hafi þa-
Framh. að bls. 3

— RÆÐA BJARNA BENEDIKTSSONAR

(Framh. af bls. 2)

verið 179 á mann á móti 100 fyrir stríð. Að hlutfall sliks neysluvarnings var þó ekki enn hærra kemur af því, hve miklu fje hefur verið og er enn varið til nýsköpunar.

Sem betur fer sýna staðreyndir, að hlutur okkar er engan veginn eins slæmur og kommúnistar vilja vera láta, og sumir leiðast til að taka undir í eðlilegri óánægju yfir, að við ekki getum veitt okkur jafn mikið af ýmsum lífsins gæðum og á meðan við áttum á sjötta hundrað milljónir króna í erlendum varasjóði og vorum að eyða honum.

Ýmsum þeim örðugleikum, sem menn nú kvarta undan, hefði verið unnt að eyða, ef samkomulag hefði náðst um róttækari lækning á dýrtíðar- og verðlagsmálunum, en tekist hefur. Úr því að menn hafa ekki fengist til þessara aðgerða, og engir hafa verið hamrammari á móti þeim en kommúnistar og öll þau öfl i þjóðfjelaginu, er þeir hafa áhrif á, þá hefur eina ráðið til að halda sæmilegu jafnvægi í þjóðfjelaginu verið svipaðar aðgerðir og reyndar hafa verið. Sannast sagt hefur það tekist vonum framar, þó að þar sje auðvitað ýmsu ábótavant.

Stoðar lítt að byggja á rússneskum markaði

Auðvitað er petta ekki eingöngu að þakka aðgerðum stjórnarvaldanna inn á við heldur einnig utanríkisstefnu stjórnarinnar.

Staðreynd er og, að afkoma og vellíðan almennings er nú engu síður undir því komin, að rjett sje haldið á máleznum þjóðarinnar út á við en inn á við.

Í þessum efnunum hefur mikið áunnist. Á árinu 1948 var útflutningsverðmæti íslenskra afurða 104,3 millj. kr. eða 36% meiri en ársins 1946, síðasta ársins sem kommúnistar voru í ríkisstjórn.

Pessi aukning er fyrst og fremst að þakka nýsköpuninni. Án hennar hefði hún vissulega ekki orðið neitt svipað því sem varð. En hún er einnig árangur framsýni, snarræðis og dugnæðar stjórnarvaldanna við að hagnýta sjer Hvalfjarðarsíldina 1947 og 1948 svo vel sem raun varð á.

Og þó að mikil framleiðsla sje undirstaðan, þá er hún ekki einhlytt. Án markaðsöflunar verður hún ekki að gagni.

Reynslan hefur nú begar t.d. sýnt, að okkar gamli fiskmarkaður í Bretlandi mundi ekki hafa tekið við öllum afla nýsköpunartogaranna.

Kommúnistar segja auðvitað, að það mundi ekki hafa komið að sök, ef við hefðum skipt við Sovjet-Rússland, því að það mundi hafa keypt af okkur allan fisk.

Nú hefur oft aður verið sýnt, að ekki hefur staðið á okkur um skiptin við Rússia heldur á þeim.

Varðandi ísfiskinn liggja og fyrir yfirlýsingar þeirra um,

að hann vilji þeir alls ekki íslensku þjóðarinnar, að Þýska kaupa. Í skýrslu íslensku samn landsmarkaðurinn, sem okkur inganefndarinnar, við Rússia reyndist ómetanlegur áður frá 1947 segir um ísvarinn fisk, fyrr, opnaðist á ný.

En þessi skýrsla var m.a. undir skrifuð af samningamanni kommúnista, hr. Ársæli Sigurðssyni, fyrri formanni Socialistafjelags Reykjavíkur:

„Tilraunir til þess að fá Rússia til kaupa á ísvörðum fiski, sem fluttur væri í íslenskum togurum til Kalinigrad (áður Königsberg) mistökust alveg. Rússar treystu sjer ekki til að koma fiskinum óskemmdum til neytenda og kom því aldrei til að þrátta um verð. Við urðum jafnvel að gefast upp við tilraunir okkar til að fá þá til að kaupa 2–3 togarafarma til reynslu“.

Pólverjar kaupa ekki fisk

Sömu sögu er að segja um tilraunir til að selja ísfisk til Pólland. Í skýrslu íslenska sendiherrans um samninga við Pólverja um haustið 1946 segir, að strax hafi komið í ljós á fyrsta fundinum, að tilgangs laust var að reyna að selja þangað ísfisk, og höfðu þó sendimenn Áka Jakobssonar, þeir Ársæli Sigurðsson og Helgi Zoega, þá dvalið í Póllandum um hálfars árs skeið, m.a. til að selja ísfisk. Allar síðari tilraunir um sölu á ísfiski til Póllandar hafa algerlega misheppnað, enda eru Pólverjar sjálfir mikil fisk veiðabjóð og fiskúflytjendur.

Sumarið 1948 átti fulltrúi frá ríkisstjórninni (dr. Oddur Guðjónsson) viðræður við hernámsfyrvöld Rússia í Austur-Þýskalandi um möguleika á sölu íslenskra afurða, þ.a.m. ísfisk. Við þær umræður kom í ljós, að þýsku Eystrasalshafnirnar gátu ekki afgreitt nýsköpunartogarana á skaplegum tíma.

Um Rússia er það einnig vit að, að fáar eða engar þjóðir hyggja á jafn stórkostlega aukningu fiskveiða sinna eins og þeir. Segir í lögnum um hina nágildandi fimm ára áætlun orðrjett á þessa leið:

„Árið 1947 skal hafa náðst sama veiðimagn og fiskafurðaframleiðsla og fyrir stríð, og árið 1950 á veiðin að vera orðin 1,5 sinnum, framleiðslan á frystum fiski 1,8 sinnum og framleiðsla á froðnum fiskflökum 3 sinnum það, sem var fyrir stríð. Auka skal mjög veiðar við norðurströndina“

Ennfremur: „Endurreisa skal fiskiflotann og stækka hann miðað við það, sem hann var fyrir stríð. Taka skal í notkun á þessum fimm árum 150 fiskitogara, byggja 13 fiskniðursuðverksmiðjur og 30 kælihús“

Samkvæmt sömu lögum á fiskaflinn árið 1950 að vera orðinn nálega 2,2 milljón tonn.

Þýskalandsmarkaður okkur lífsnauðsyn

Af öllum þessum ástæðum var það því lifsskilyrði fyrir afkomu, ekki aðeins togarafot deild kommúnista á Íslandi

valdhafarnir vildu ekki semja finnska og embættismennska við aðrar ríkisstjórnir en þær, er þeim væri geðbekkar. Ef til vill er þetta skýringin á því, að Íslendingum hefur ekki tekist að selja Rússum afurðir, hvorki 1948 nje það sem af er þessu ári.

Yfirlýsingin, sem gefin var í Moskva 31. desember s.l., um viðskipti Rússlands við Júgoslaviu, þegar tilkynnt var, að þau skyldu á þessu ári aðeins verða 1/8 þess sem var 1948, einungis vegna þess, að rússnesku stjórninni líkaði ekki stjórnmalastefna stjórnarinnar í Júgoslaviu, bendir til þess, að þessi getgáta íslensku flokksdeildarinnar hafi verið rjett.

Ráðagerð flokksdeildarinnar hjer á landi var sú að gera Íslendinga svo háða Rússum í viðskiptum, að við þyrðum ekki að eiga undir því að missa útflutning okkar til Rússlands og neyddumst til að hafa kommúnista í ríkisstjórn til að tryggja þau viðskipti. Ætla var sú fyrirætlun fögur en kommúnistar hafa með öllu háttinni sínu sýnt, að það var þetta sem fyrir þeim vakti.

Afurðasalan á meginlandinu stóreykst

Á sama veg hafa markaðir okkar við aðrar þjóðir á meginlandi Evrópu verið eflidir:

Árið 1946 var útflutningurinn til Póllandar innan við 1 millj. ísl. króna. Árið 1947 nam útflutningurinn 4,6 millj. króna og á s.l. ári nam útflutningurinn 8,2 millj. króna og nú nýverið hefur verið samið um sölu á íslenskum afurðum til Póllandar fyrir a.m.k. 10 millj. króna.

Útflutningurinn á íslenskum afurðum til Tjekkóslóvakíum 1946 8,5 millj. króna, 1947 14,1 milj. króna og 1948 29,7 millj. króna. Á þessu ári er gert ráð fyrir, að útflutningurinn til Tjekkóslóvakíum muni jafnvel enn aukast. — Skýra má frá, að í samninga viðræðunum við Tjekka nú nýverið komst formaður tjekknesku sendinefndarinnar svo að orði, að Ísland væri miðað við stærð og allar aðstæður, langbesta viðskiptaland Tjekka.

Til Hollands nam útflutningurinn 1946 tæpum prem millj. króna. Árið 1947 varð hann 6 millj. króna og árið 1948 34,7 millj. króna.

Til Frakklands varð útflutningurinn 1946 8,7 millj. króna, árið 1947 12,2 millj. króna og s.l. ár 16,8 millj. króna.

Af þessu sjest að í tíð númerandi ríkisstjórnar hefur ekki verið legið á lið sínú um að efla markað okkar við þjóðir á meginlandi Evrópu.

Vildi aðeins semja við „sitt folk“

En kommúnistar segja, að markaðurinn við Rússland hafi verið eyðilagður. Ætla var strax 1947, þó að á því ári væri gerður stærri samningur við Rússland heldur en árið áður meðan Áki Jakobsson var ráðherra. Þeir vissu því um, að einhverjir örðugleikar mundu verða á Rússlandsviðskiptum. Á þeim viðskiptum hefur aldrei staðið af íslendinga hálfu.

Örðugleikinn, sem flokksdeildarinnar hafi aðeins staðið af íslendinga hálfu.

Jafnvel á þeim forgarði skrifinnsku og ofstjórnar, sem við íslendingar erum nú staddir, vitum við, að oft verður ærið seit um svör. Má þá nærrí geta, hversu skjót afgreiðsla muni í hinu allra helgasta þessara stjórnarháttar, sjálfu musterinu, Rússlandi, sem svarar frá 20% og allt upp í 70% frá því, sem aður var.

Við ráðum ekki hverjar ákvæðanir valdhafar austur þar taka um afurðakaup sín eða önnur efni.

Jafnframt því, sem aðað hefur verið nýrra mikilsverðra markaða og aðrir eflir, þá hefur einnig tekist að náldi áfram vinsamlegum, og íslendingum hagkvæmum, viðskiptum við bresku ríkisstjórnina.

Kommúnistar segja að visu, að síðstu bresku samningarnir sjeu hraksmáranlegir, og þeir lökustu samningar, sem íslendingar nokku sinni tafat gert.

Áltaf sama andúð kommúnista gegn Bretum

En þetta er sami söngurinn og þaðan hefur kveðið við um samninga við bresku stjórnina.

Þjóðviljinn kallaði nýjan viðskiptasamning við Bretanum 25. janúar 1940 „landráð“, — Fyrri hluta vors 1941 vildi hann heldur alls ekki setja Bretum fisk, heldur „sigla“ til Rússlands“, eða jafnvel flytja togaraflotann til bækistöðva í „amerískum höfnum“, hinn 21. apríl 1941. Þetta var á meðan setuliðsvinnan var enn talin „glæpsamleg“, í Þjóðviljanum 31. janúar 1941, og aður en það stefnufasta blað sagði 19. maí 1942:

„Þeir, sem hamast nú gegn landvarnarvinnunni á Íslandi eru að vinna í þágu Quislings og Hitlers.“

Menn þekkja því hinn gamla fjandskaparbrag til Bretta og er ekki að kippa sjer upp við hann.

Því er hinsvegar ekki að leyна, að á undanförnum árum hefur verið erfitt að ná svo hagkvæmum samningi við Bretanum við purftum að að halda. Síðstu tvö ár hefur samt tekist að ná í Bretlandi ábyrgðarverði fyrir fiskinn. Að þetta tókst var, að þakka hinni miklu verðhækku, sem orðið hafði á feitmeti. Af þeim sökum tókst að selja tölverft magn af hraðfrustum fiski fyrir ábyrgðarverð gegn því, að Bretar fengju tiltekið magn til sildarlýsi í staðinn fyrir akveðið verð. Með þessu móti fylket samanlagt hærra verð fyrir sildarlýsi og hraðfrysta fiskinn en fengist hefði fyrir hvort um sig, ef samtengingin hefði ekki átt sjer stað.

Samningar þessir komu ekki að fullum notum í þau tvö ár, sem þeir voru gerðir, vegna hins mikla aflabrests, sem það varð.

A síðstu manuðum hefur hinsvegar orðið mjög mikil verðlækkun á feitmeti. Hefur það fallið á heimsmarkaðum sem svarar frá 20% og allt upp í 70% frá því, sem aður var.

Framh. a.s. *

— Ræða Bjarna Benediktssonar

Frh. af bls. 4
Stalins. Blekið af undirskrif hans var naumast þurt orðið, þegar ófriðurinn braust út 1939.

Tilgangur Atlantshafssáttmálans var þvert á móti efling friðarins og það mun verða Is-lendingum til ævarandi lofs, að þeir hafa að sínum litla hluta tekið þátt í þessari friðarviðleitni.

Það átti að sýna Alþingi í two heimana

En það mun verða kommúnistum til ævarandi ávirðingar, ekki aðeins, að þeir veittu friðarsáttmálanum jafn harðsnúna móttöðu og þeir gerðu, heldur einnig hitt, að þeir reyndu að nota betta efni til þess að „hindra Alþingi“ í löglegum störfum, eins og þeir berum orð um sögðu.

Öllum landslýð er nú begar ljóst orðið að það var áform kommúnista að nota samþykkt Atlantshafssamningsins til óeirða og til þess að sýna þingheimi í two heimana. Til þess höfðu þeir ekki aðeins egnt sitt eigið lið með langvarandi blaða skrifum og margháttuðum ósannindum, stöðugum sellufundum og æfingasamkomum, þar sem tilkynnt var, að af tugbúsumundum skyldi Alþingi verða ógnað, ef það dirfðist að taka rjettmæta, þjóðholla ákvörðun. heldur höfðu þeir einnig af furðulegu fláraði stofnað til fjallegssamtaka annarra og reynt að beita þeim fyrir sig í þessum skemmdaráformum. Er þar einkum til að nefna „þjóðvarnarfjelgið svokallað, sem Þjóðviljinn hafði hvað eftir annað ákallað sjer til hjálpar. Sbr. t. d. grein Skúla Guðjónssonar 1. desember s.l. þar sem stórum stöfum er hrópað:

„Hvar er þjóðvarnarfjelgið?“

Gátu vakið upp „þjóðvarnarauginn“

Ljet formaður bess, sjera Sigurbjörn Einarsson og ekki á sjer standa, því að sama daginn flutti hann boðskap sinnum tortíming hálfraðar þjóðarinnar, ef að hans ráðum væri farið.

Það má vera kommúnistum nokkur huggun, að þeim hefur tekist að endurvekja þann draug og blása honum í bílsíkum lífsanda í brjóst, að hann kallar sig nú „landsmálfjelag“. En til þess að svo gæti orðið hafa kommúnistar þurft að lána í þetta nýja „landsmála-

fjelag“, ekki aðeins gamla kjós-endur sína, sem þó hafa kallað sig annars flokks menn, eins og Hallgrím nokkurn Jónasson, heldur einnig forystumenn sína og bæjarfultrúa eins og herra hagfræðing Jónas Haralz.

Það mannlán sýnir, að kom-múnistum þykir mikils viðburfa, og þeir vilja mikið í sölurnar leggja til þess að draugurinn hverfi ekki strax til heimkynna hinna dauðu á ný.

Aðalatriðið er:

Hvernig Íslendingar bregðast gegn kommúnistahættunni

Allt eru þetta þekkt her-brögð frá kommúnistum, viðs-vegar um heim. Aðferðirnar eru hvarvetna þær sömu. Einn þátturinn í þeim er sá, að hafa á sínum snærum tölувart af fólk, helst í öðrum flokkum og töluvart „fint“, sem raunveru-lega fylgir þeim að málum en afneitar þeim opinberlega.

Við rjettarhöldin um njósnarmálin miklu, kommúnistisku, í Kanada á arunum, sannaðist einmitt, að þetta var einn helsti þátturinn í baráttuaðferð kom-múnista.

En á þennan sama veg er öllum áróðri kommúnista varið. Hann er hvergi í neinu samræmi við staðreyndir eða sann-leika, heldur oftast hvorutveggja algerlega andsnúinn.

I kvöld gefst mjer ekki tími til að nefna fleiri dæmi. En því miður væri hægt að hafa þau óteljandi. Sennilega gefst fær á að riðja upp fleiri síðar og þá einnig að skýra af hverju þessi ósköp stafa. Þau ósköp, sem ógna nú friði og frelsi alls mannykkins og þar með einnig ham-ingju og sjálfstæði okkar litlu þjóðar.

Sú kynslóð, sem nú lifir, mun fyrst og fremst verða dæmd eftir því, hvort hún áttar sig á og bregst til varnar gegn þessari hættu, sem gerir sig liklega til að eyða menningunni en draga þjóðirnar á ný ofan í hyl-dípi einræðis, skoðanakúgunar og miðaldamyrkurs.

Til eyðingar þessum voða verða öll minniháttar ágreiningsmál að hverfa. Allir góð-viljaðir menn verða að taka saman höndum til að halda við frelsi og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar, menningu og frjáls ræði einstaklinganna og hag-sæld og auknum velfarnaði al-mennings.

Bæring Elisson fimmfugur

9. P. M. VARÐ óðalsbóndinn Bæring Eliasson í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit fimmfugur, hann er sonur merks og dugnaðar hjónanna Gróu Herdisar Hannesdóttur og Elisar Guðna-sonar bónda að Berserkseyri í Eyrarsveit og þar bjuggu þau hjón allan sinn búskap.

Bæring vaðinn af niu systkinum og för því snemma að vinna fyrir sjer, innan við tvítugt för hann til Reykjavíkur og vann þar að ýmsum störfum. Árið 1926 rjeðst hann í að byggja stórt steinhús í Reykjavík, og með dugnaði og fyrirhyggju tókst honum að koma því upp á ótrúlega skömmum tíma. En römm eru þau öfl, sem rekka dregur föðurhúsa til, og svo er það. Hann mun hafa verið mikið áthagaðundinn og þráð heim í sveitina aftur.

Pessvegna var það vorið 1932 að hann rjeðst í að kaupa höfuðbólíð Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi, og þar hefur hann búið síðan. Hann nýtur trausts og virðingar sveitunga sinna, enda er hann mjög hjálpsamur og vill vera hvers manns bróðir í raun. Hann hefir tekið mikinn þátt í opinberum trúnaðarstörfum fyrir sveitina. Í Bjarnarhöfn hefir hann lyft sem maður kallar reglulegu Grettistaki, hann hefur bætt jörðina mikið byggt stórt ibúðarhús, leitt heim vatn í öll hús og raflyst þau. Enn fremur hefur hann girt tún og engiar og nú standa vonir til að hann geti fóðrað búpening sinn af ræktuðu landi.

Það þótti tiðindum sæta er Vigastyr sem bjó á Berserkjahauni til forna ljet Berserkjina ryðja götu yfir hraunið svo fært væri riðandi mónnum, en nú hefur Bæring gert meira þar sem hann með heimamónum sínum og nokkrum nágrenum, án styrks frá því opinb. hefir gert akfaran veg yfir Berserkjahaunum, og mun flestum þykja það vel unnið. Bæring er giftur Árbóru Friðriksdóttur ætt-aðri frá Mýrdal í Skaftafells-sýslu, mestu dugnaðar og ágætis konu. Þau eiga fimm mannvænleg börn sem öll eru heima og hjálpa foreldrunum eftir megni að hlynna að heimilinu og gjöra það sem ánægjulegast. Jeg veit að nú með sunnanblænum berast þer margar og hlýjar afmælisóskir frá frændum og vinum. Og að endingu óska jeg þer hjartanlega til hamingju með hálfrað aldari afmælið um leið og jeg þakka ykkur hjónum allar þær ógleymalegu ánægjustundir sem jeg hefi notið á heimili ykkar. Og það er ósk min og von að ykkur hjónum megi auðnast um mörg ófarin ár að halda uppi aðalsmerki íslenska bóndans.

H. E.

Matjurtabókin

fæst hjá bóksöluum.
Látið hana hjá þeim ykkur
við garðyrkjuna.

TILKYNNING

Vegna himar nauma pappísskömmunar verða ef-taldar frumtíðarfur, sem væntanlegar eru á þessu árin og í byrjun næsta árs aðeins gefnar út í 400 tölusettum eintökum hver bok.

Bókaútgáfan Helgafell hefir að undanförnum árna gefið út flestar fyrsta bækur nýrra höfunda og hefir þeim útgáfuna yfirleitt verið vel tekið og þær prentaðar í allstórum upplögum. Ástæðurnar eru þær að flestir eru forvitnir að kynna nýjum skáldum og reynslan staðfest að frumtíðarfur komast ákaflega fljótt í hátt verð.

Bækurnar sem út koma næst eru eftir þessa höfunda:

Hallðóru B. Björnsson

Friðri Einars

Agnar Þórðarson

Guðmund Gislason

Jónas Árnason

Hrafn Hagalín

Jón Jóhannesson

Þorsteinn Halldórsson

Sverri Haraldsson

Mjög margt af þessum verkum er með miklu snilldarbrag. Þessar bækur komast áreiðanlega fljótt í hátt verð.

Þeir sem óska að tryggja sjer eintak af þessum bokum gjöri svo vel að fylla út áskriftarmiðann:

Bækurnar verða hver með sínu smiði og kápum.

Undirrit, óskar að gerast áskrifandi að bókaflokknum „Ennýjir pennar“. Verð hvers bindis 55,00 greiðist við mótt. Eintókin sjen ekki yfir 400 og öll tölusett.

Nafn

Heimili

Bækur og ritföng h.f. Box 156.

TILKYNNING

frá Síldarverksmiðjum ríkisins

Útgerðarmenn og útgerðarfjelög, sem óska að leggja bræðslusildarafla skipa sinna upp hjá Síldarverksmiðjum ríkisins á komandi síldarvertið, tilkynni það vinsamlegast aðalskrifstofu vorri á Síglufirði í símskeyti, eigi síðar en 30. maí næstkomandi.

Samningsbundnir viðskiptamenn ganga fyrir öðrum um móttöku síldar.

Síldarverksmiðjur ríkisins

Iðnaðarhúsnæði

Hefi kaupanda að iðnaðarhúsnæði.

RAGNAR JÓNSSON

hæstarjettarlögmáður

Laugavegi 8. — Sími 7752.

TILKYNNING

Viðskiptanefndin hefur ákveðið eftirsandi hámarksverð á benzíni og olíum frá og með 17. maí 1949 að telja.

1. Benzín	kr. 0,96 pr. ltr.
2. Hráolia	kr. 350,00 pr. tonn
3. Ljósaolia	kr. 640,00 pr. tonn

Að öðru leyti eru ákvæði tilkynningar viðskiptaráðs frá 10. júlí 1947 áfram í gildi. Söluskattur á benzíni og ljósaoli er innifalinn í verðnum.

Reykjavík, 16. maí 1949.

Verðlagstjóriinn

Einkaskjalasafn

Bjarna Benediktssonar

© Bergerskiðasafn Reykjavíkur

Safnafold

Vörðumur

73. árg., 25. árg.

30. tgl. — Þriðjudagur 6. júlí 1948.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

Tvíbættur hagnaður Íslands af Marshall lögnum:

Efnahagsleg viðreisn viðskiptaland og stuðningur við nýsköpun íslensks atvinnulífs

Forseti Íslands staðfestir Parísarsamninginn og utanríkisráðherra undirritar samning um efna-hagssamvinnu Íslands og Bandaríkjanna

Á RÍKISRÁÐSFUNDI s.l. laugardag staðfesti og fullgilti forseti Íslands samninginn um efna-hagssamvinu Evrópu, sem undirritaður var fyrir Íslands hönd í París hinn 16. apríl 1948.

Á sama ríkisráðsfundi veitti forseti Íslands Bjarna Benediktssyni, utanríkisráðherra, fullt umboð til þess að undirrita fyrir Íslands hönd samning við Bandaríki Ameríku um efna-hagssamvinnu. Fór undirritun samningsins fram s.l. laugardag og undirritaði sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Richard P. Butrich, hann fyrir hönd Bandaríkjanna.

Við það tækifæri mælti Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra á þessa leið:

Ræða utanríkisráðherra.

Það var að kvöldi dags hinn 4. júlí fyrir rjetu ári, sem sendi herrar Bretlands og Frakklands báru fram þoð ríkisstjórnar til Íslands og ófærir fyrir Íslands hönd samning við Bandaríkjanna um efna-hagssamvinnu. Fór undirritun samningsins fram s.l. laugardag og undirritaði sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Richard P. Butrich, hann fyrir hönd Bandaríkjanna.

Hlutur Íslendinga verður hins vegar vissulega ekki góður til lengdar, ef örþingð og öngþveiti ríkir í Evrópu. Markaðir fyrir útflutningsvörur Íslendinga og möguleika til vörurútvegunar til landsins eru háðir því, að góð skipan komist á mál viðskiptapjóða vorra. Ísland sjálft hefur þess vegna ríka hagsmuni af því, að viðreisn verði í Evrópu.

Íslenska ríkisstjórnin hikaði ekki við að taka þegar frá upp-hafi bátt í þessu samstarfi og undirbúningi þess. Enda veit hún, að í því fer hún að vilja Alþingis og íslensku þjóðarinnar.

Undirbúningi viðreisnaráforma Íslands er nú að ljúka með staðfestingu þáttökuríkjanna á samningum þeim, sem framkvæmdir eiga að fara eftir. Í dag hefur forseti Íslands staðfest í ríkisráði samning um efna-hagssamvinnu Evrópu, sem gerður var í París hinn 16. apríl s.l., og veitt mjer umboð til að undirrita fyrir Íslands hönd samning milli Íslands og Bandaríkjanna um efna-hagssamvinnu, og tekur samningurinn því samkvæmt stjórnskiparlögum Íslands gildi, þegar hann verður undirritaður.

Utanríkisráðherra undirritar



Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra undirritar samninginn um efna-hagssamvinnu við Bandaríkin samkvæmt Marshall lögnum. Til hægri við utanríkisráðherrann er sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, Richard P. Butrich, sem skrifsaði undir samninginn fyrir hönd Bandaríkjanna og til vinstrí Emil Jónsson viðskiptamálaráðherra.

Ríkisstjórnin í kvöld-ferð með „Geysi”

FLUGFJELAGIÐ Loftleiðir bauð gestum á sunnudagskvöld, í flugferð með hinni nýu vjel félagsins, Skymasterflugvelli inni Geysir. Meðal gesta voru ráðherrar og frúr þeirra. Alls voru rúmlega 40 gestir, sem félagið bauð í þessa ferð.

Lagt var upp af Reykjavíkurflugvelli um kl. 8 um kvöldið. Var þá flogið vestur á Snæfellsnes, inn yfir Dali, síðan austur yfir hálendið yfir Vatnajökul og allt til Hornafjarðar, var svo flogið með Suðurströndinni, yfir Vestmannaeyjar og til Reykja víkur.

Þegar flogið var yfir Dyrhóley sáu farþegarnir 5 togara, er allir voru innan landhelgi og komu fram getgáttum um að þeir myndu hafa verið að veiðum.

Veður var mjög fagurt og skyggní gott, enda nutu farþegar þess mjög vel úr hinum þægi legu sætum flugvjelarinnar. Meðan á flugferðinni stóð, báru flugþernur gestunum veitingar.

Mjög rómuðu gestirnir þessa flugferð og allan aðbúnað í flugvélinni og er komið var aftur á Reykjavíkurflugvöll var þeim Kristni Olsen og Alfreð Elías-syni, sem stjórnuðu Geysi, þökk uð ánægjuleg kvöldferð.

Pjetur Gunnarsson í kjöri í Mýrasýslu

Fjölmennur fundu Sjálfstæðismanna í Borgarnesi

SJÁLFSTÆÐISMENN hjeldu fund i Borgarnesi s.l. briðju dag og mættu á fundinum fulltrúar úr öllum hreppum Mýrasýslu.

Ólafur Thors formaður Sjálfstæðisflokkins, mætti á fundinum, en hann var á leið heim til Landsfundinum.

Fundarstjóri var Friðrik Þórðarson í Borgarnesi, og fundarritari var Magnús Jónsson, Borgarnesi.

Fyrst var til umræðu á fundinum framboð Sjálfstæðisflokkins i Mýrasýslu við næstu kosningar. Friðrik Þórðarson flutti tillögu um það, að fundurinn skoraði á Pjetur Gunnarsson, tilraunastjóra, að vera áfram frambjóandi flokkins í sýslunni og var sú tillaga samþykkt með atkvæðum allra fundarmanna. Pjetur Gunnarsson hefur skapað sjer traust og alit í hjeraðinu, enda unnið með festu og dugnaði að málafnum Sjálfstæðisflokkins og hjeraðs búa.

Næsti liður á dagskrá fundarins var það, að formaður Sjálfstæðisflokkins, Ólafur Thors flutti þangað og yttilega ráðið um 10,000 ferðar til að meðal.

WASHINGTON — Í skýrslu landbúnaðarráðuneytisins segir, að í janúar í ár hafi 2,5 miljónir manna unnið að landbúnaðarstörf um í Bandaríjunum. — Er þetta

Í blaðinu í dag er m. a. þetta efni:

Bls. 2—4 Ræða Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra á Landsfundum Sjálfstæðisflokkins á Akureyri.

Bls. 6 Ályktanir Landsfundarins um samgöngumál o.fl.

Bls. 7 Forystugreinar: Stjórn landhelgisgæslunnar, Útsvörin.

Bls. 8 Forystugrein: Ísland og Marshalláætlunin, Hringjá.

Bls. 9 Nær og fjær.

Bls. 10 Frá Snorraháðiðinni í Björgvin.

Bls. 11 Ályktanir Landfundarins um utanríkismál o. fl.

Bls. 12 Grenið verður aðal trjá tegundin.

Bls. 13 Bændaför Kjalnungsinga.

Bls. 14 Benes hefir dregið sig algerlega í hlje.

Bls. 15 Landhelgi Norðmanna og landhelgi okkar Íslendinga, grein eftir Július Hafstein sýslumann.

Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra:

NÝSKÖPUNIN HELDUR ÁFRAM

MJER hefur aldrei verið það taunungarmál, að þó að jeg væri því eindregið fylgjandi, að númerandi ríkisstjórn væri mynduð og tæki sjálfur sæti í henni, þá taldi jeg ýmsar torfærur á þeiri leið.

Mjær duldist ekki fremur en örðum, að verulegir annmarkar hlutu að verða á stjórnarsamstarfi þeirra þriggja flokka, er að ríkisstjórninni standa. Einkum meðan hugur ýmissa ráðamanna Framsóknarflokksins, og raunar sumra annara, er slikur, sem hann reyndist við stjórnar-myndunina og hefur enn berlega sýnt sig að vera. Þá var það og greinilegt, að miklir örðugleikar hlyti að verða við að stjórn landinu á meðan kommúnistar nefðu þau völd innan Alþýðusambandsins og sumra öflugustu verkalyðsfjelaganna, sem þeir hafa. Því að enginn gat efast um, að sú aðstaða yrði notuð einungis til framdráttar flokkshagsmunum kommúnista, alveg án tillits til velferðar verkalyðsins og þjóðarheildarinnar.

Aframhald nýsköpunarinnar varð að tryggja.

Fyrverandi ríkisstjórn hafði að vísu, undir forstu Sjálfstæðismanna, unnið ómetanlegt starf, sem lengi mun i heiðri baft hjá þessari þjóð, til endurreisnar atvinnuveganna með nýsköpunaraðgerðum sínum. Þó að það starf vissulega væri mikilsvart, var því hvergi nærrí lokið þegar stjórnarskiptin urðu. Þá hafði grundvöllur nýsköpunarinnar að vísu verið lagður, mikil af tækjum hafði verið keypt og koma þeirra til landsins verið tryggð með því að greiða þau eða leggja að verulegu leyti til hliðar fje til greiðslu þeirra.

Hitt var eftir: Að tryggja, að tækin yrðu notuð, svo sem tilætlunin hafði verið.

Var þá tvenns að gæta: Annarsvegar þess, að halda framlieðslukostnaði innanlands svo í skefjum, að landsmenn væri samkeppnisfærir. Og hinsvegar þess, að ryðja afurðum okkar braut á erlendum mörkuðum. En reynslan hafði verið suð fyrir strið, að jafnvel þótt landsmenn væru samkeppnisfærir um verðlag, voru vörurnar engu að síður oft á tíðum ill seljanlegar, vegna þess að spurn eftir þeim var ekki fyrir hendi.

Þessi síðari hluti upphafs nýsköpunarinnar var í rauninni ekki síður þýðingarmikill en fyrri hlutinn, útvegun sjálfratækjanna. Ef allt hefði verið með felldu, var sannarlega eðilegast, að sú stjórn, sem hafið hafði þessar miklu framkvæmdir, leiddi sjálf öll áform sín til lykta. Í þess stað urðu stjórnarskiptin einmitt, þegar sýnt var, að örðugleikar hlutu að vera fram undan, a.m.k. um sinn. Hinum miklu innstæðum, sem safnast höfðu á striðsánum, að mestu eða nær eingöngu, vegna setuliðsvinnunnar, var nú að miklu leyti ráðstafað, og óhjákvæmilegt var, að erfiðara yrð, um allar fram-

Hjer birtist fyrri hluti ræðu þeirrar, sem Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra flutti á Landsfundinum Sjálfstæðisflokkssins á Akureyri þann 26. júní s.l.

Síðari hluti ræðu utanríkisráðherra birtist í næsta blaði.

Kvæmdir a.m.k. þangað til að arður hinna nýju tækja fær að koma þjóðinni að gagni.

Erfiðleikar fyrirsjáanlegir.

Við stjórnarmyndunina var greinilegt, að margir mánuðir mundu enn líča til þess tíma, svo sem reynslan og hefur sýnt, bar sem nýsköpunartæki þau, er fje hafði verið lagt til hliðar fyrir, eru enn ekki öll komin til landsins.

Á þessu tímabili hlaut að verða mun þrengra í búi og erfðara um margskonar aðdrætti en áður. Og raunar var þá, og er enn, ósýnt, hvort nýsköpunin, jafnvel eftir að hún hefur haft full áhrif, stendur undir svo mikilli eyðslu landsmanna, sem við á striðsánum höfðum vanið okkur á.

Stjórnarskipti á þeim tíma sem þau urðu, hlutu þess vegna að leiða til tveins:

Á annan böginn gátu þeir, sem þá hurfu frá stjórn og ábyrgð, vitnað til þess, að í þeirra stjórnarskipti hefði almenningu átt við betri kjör að búa en áður og glæsilegri framkvæmdir átt sjer stað til að búa í hag fyrir framtíðina en nokru sinni áður í sögu landsins. Á hinn böginn urðu umskiptin einmitt, þegar fjenu hafði verið ráðstafað, en áður en sá eyðslueyrir kæmi almenningu að notum í afrakstri hinna nýju tækja.

Óheppilegur tími til stjórnarskipta.

Fyrri staðreynindin var til þess lögð, að sá flokkur, sem ekki tók þátt í hinni nýju stjórn, en verið hafði í hinni fyrri p.e.a.s. kommúnistaflokkurinn, gæti einungis vitnað í þá velseldar- og afrekstíma, er hefði ríkt á valdatíma hans. Viðbúið var, að flokkurinn hjeldi því fram, að slikir tímur mundu hafa staðið að eillifu, ef hans hefði áfram notið við í stjórn landsins. Þeir flokksmenn voru allra manna visastir til þess, að beita svo stórfelldum blekkingum, að halda því fram, að örðugleikarnir, sem öllum voru auðsæir fram undan, mundu alls ekki hafa komið, ef valda og áhrifa flokks þeirra hefði ennþá notið.

Síðari staðreynindin aftur á móti var slik, að í skjóli hennar gat sá flokkur, sem ekki hafði tekið þátt í stjórninni meðan grundvöllur nýsköpunarinnar var lagður en tók við þegar sjóðunum var að miklu ráðstafað, bent á þá staðreynindar eina. Með samiskónar heilindum

og kommúnistar notuðu sjer frá hvarf sitt, var Framsóknarflokkurinn liklegur til að nota tilkomu sína til að kenna örðum um alla þá örðugleika, sem bá voru óumflýjarlegir og reyna að þakka sjer þær umbætur, er allir gátu eygt nokkuð fram undan og raunverulega áttu rót sín að rekja til þeirra framkvæmda, sem gerðar voru áður en hann kom í stjórn. — Þetta viðhorf hefur Framsóknarflokkurinn ósleitilega notað sjer, oft á harla lítið drengilegan hátt, að því er okkur andstæðingum hans, en samstarfsmönnum nú um sinn, virðist.

Aðstaða flokksins er sterk.

Menn tala stundum eins og númerandi stjórnarsamstarfi hafi skapað örðugleika, sem Fransókn kenni okkur svo um. Þeir, sem svo tala, taka í rauninni undir ósannindi kommúnista um, að erlendu innstæðurnar hefðu halddi áfram að vera til bött þeim væri eytt, ef kommúnistar hefði verið kyrrir í stjórn. Sannleikurinn er sá, að númerandi ástand hlaut að skapast, hver sem væri í stjórn, þegar reiðu-fjeði var protið. — Á meðan innræti Fransóknar helst óbreytt, hlutu talsmenn hennar að nota sjer til flokkslegs ávinnings örðugleika þá, sem nú eru og hlutu að verða. Óg við, sem þekkjum maddomuna, bæði úr samstarfi frá fyrri tíð og úr andstöðu, bjuggumst engir við hugarfars- eða lífsvenjubreytingu hennar.

En nú reynir á okkur Sjálfstæðismenn að bryna fyrir þjóðinni, að þegar þjóðinni bætast á þessum mánuðum milljóratugir, ef ekki hundruð milljóna til viðbótar í bú sitt, þá er það því að þakka að fylgt var og er okkar stefnu, nýsköpuninni.

Þegar landsmenn láta einum rómi uppi fönguð yfir árangri þessarar stefnu, svo sem gert var um nýsköpunartogarana á Sjómannadaginn síðasta, þá verðum við Sjálfstæðismenn að minna menn á, að tilvist og ágæti þessara togara er fyrst og fremst að þakka forystumönnum okkar. — Sinn til hvorror handar minnar sitja nú þeir Ólafur Thors og Gisli Jónsson. — Þeim fyrnlefndar er öllum mönnum um örðum fremur að þakka, að togaranna var aflað, en hinum síðarnefndu með hverjum ágætum smiði þeirra hefur tekist.

Þrátt fyrir örðugleikana í biller því flokksaðstaða okkar sterk, ef við kunnunum sjálfs með að lara. Með samiskónar heilindum

Kommúnistar dæmdu sjálfa sig úr leik.

Jeg segi ekki, að þessar staðreyndir eða afleiðingar þeirra hafi til hlýtar verið mönnum ljósar við myndun númerandi stjórnar, en þó var svo í höfuðrættum. Einmitt af þeim sökum kaus jeg áður en fyrrverandi stjórn sagði af sjer, að hún sæti áfram við völd, og var mjær þó þá þegar ljóst, að býsna miklir annmarkar væru á því að hafa stjórnarsamstarf eða nokkuð annað vinsamlegt samstarf við kommúnistaflokkinn.

En sannleikurinn er sá, að um þetta áttu menn að mínu viti, ekki val þegar stjórnarskiptin urðu. Framkoma kommúnista bæði í samband við afsögn ráðherra þeirra úr ríkisstjórninni haustið 1946, og þó einkum í samningunum um nýja stjórnar myndun, sýndi, að þeir voru ósamstarfshæfir. — Á meðan kommúnistar hugðu, að engin stjórn yrði mynduð án síns tilverknaðar voru þeir óviðmælandi fyrir sakir ofsa og yfirlætis. En eftir að þá grunaði, að fram hjá þeim yrði komist, gáfu þeir að vísu ómis tilboð, en þau voru öll þess eðlis, að þau sönnuðu, að kommúnistum var ekki treystandi.

Allt atferli kommúnista bá sannaði, að þeir vildu ekki að mynduð yrði sterk og varanleg stjórn landinu til heilla, heldur snerist hugur þeirra að því einu, að sá sundrunu meðal andstæðinga þeirra. Skyldi enginn halda, að tilvjunin ein hafi ráðið því, að kommúnistar komu þannig fram.

Kommúnistar semja til að svíkja.

Í því af helgiritum hins alþjóðlega kommúnisma, sem að alumboðsmanni hans hjer á landi, Brynjólfur Bjarnasyni, er tamast að vitna til, spryr sjálfur Lenin einmitt að því, hvað sje yfirleitt til hlægilegra, þegar barist sje gegn borgarastjettinni um heim allan, baráttu, sem sje hundrað sinnum erfiðari, langvinnari og flóknari en hið þrálátasta af venjulegum stríðum ríkja á milli, en neita þá fyrirfram möguleikanum til að beita brögðum, að nota sjer hagsmuna ágreining, jafnvel bött hann sje að eins til bráðabirgða, á meðal fjandmannanna og hafna möguleikanum til að skjóta á frest og semja um ágreining við hugsanlega bandamenn, þótt svo óvissir sje sem framast megi verða.

Kommúnistar hjer á landi hafa vissulega ekki gerst sekir um þá firru, sem Lenin telur það vera, að skirrast við að semja við aðra í þeim tilgangi einum að svíkja samstarfsmennina og koma þeim á knje. Hins gættu þeir ekki, að halda blekkingabrénni í hæfilegum skefjum. Ákefðin var svo mikil, að þeir hjeldu afram þangað til að

allir, sem reynt hafa að semja við þá, hafa staðið þá að svíkum.

Þess vegna hefur öll atburðarásin, ekki einungis hjer á landi, heldur um heim allan, leitt til þess tvö síðstu árin, að kommúnistar hafa útskúfað sjálfum sjer úr fjalagsskap allra þeirra, er unna frelsi og lýðræði og vilja viðhalda heiðarlík í mannlegum samskiptum.

Forysta Alþýðuflokksins.

Eins og ástandið var á Alþingi snemma árs 1947 var því ekki um annað að tefla en samstarf þessara þriggja flokka, sem nú eru í stjórn, ef nokkrabingræðisstjórn átti að takast að mynda, og að mínu viti hlaut það samstarf að verða sterkest einmitt undir forystu Alþýðuflokksins.

Sjálfur hefði jeg miklu fremur kosið að geta verið utan stjórnarinnar, en styðja hana af fremstu getu, svo sem fyrri stjórnir, sem flokkur okkar hefur tekið þátt í. Æn fyrrverandi ráðherrar flokksins, þeir Ólafur Thors og Pjetur Magnússon, voru ófáanlegir til að taka þátt í hinni nýju stjórn og tildlu háðir, að hún yrði sýndi sterkari ef jeg væri í henni en ella. Jeg var sannfærður um, að þessa tilraun yrði að gera, og taldi þess vegna að þókum skyldu mína að taka sæti í stjórninni.

Afurðasala og verðbólga.

Af því, sem nú hefur verið sagt, sjest, að jeg gerði mjær þess þegar grein, að engir sældardagar mundu fara í hönd fyrir þá, sem sæti tæki í þessari stjórn. Hefur raunin og orðið sú, Næst afurðasölunni úr landi og henni mjög samtvinnið hefur verðbólgan, dýrtíðin, eða hvað menn vilja kalla núverandi ástand í atvinnumálum Íslendinga, verið aðalviðfangsefni. Örðugleikarnir, sem af því ástandi stafa, hafa með ýmsu móti komið fram og gættir að meira eða minna leyti í flestum stórfum stjórnarinnar, en þó ekki síst viðfangsefnum þeim, sem heyra undir okkur Sjálfstæðismennina í stjórninni.

Fiskábyrgðin, sem veitt var í árslok 1946, sýndi, að þá þegar var framleiðslukostnaður orðinn svo mikill, að framleiðendur bátafisksins vildu ekki eiga undir því, að hann væri seljanlegur fyrir framleiðslukostnað, töldu þá áhættu meiri en svo, að þeir gæti tekið hana á sig. En vegna þess, að ýmsar aðrar vörur, og einkum sildarafurðirnar, voru enn í sínu háa striðs verði og jafnvel hækkandi, sbr. sildarlýsið, þótti mönnum ekki timabært að taka upp baráttu fyrir lækkuðu kaupgjaldi, heldur ætluðu að freista þess að taka fje frá þeim atvinnugreinum, sem enn höfðu afgang, og styðja hinum svo að jafnvægi þærist þaðig. Framh. á bls. 3

RÆDA BJARNA BENEDIKTSSONAR

Framh. af bls. 2.

Aðvörðun.

Pessi einstæða ráðstöfun, að taka ábyrgð á einni aðal útflutningsvörðunni og greiða hana hærra verði en fyrir hana fjekkst á erlendum markaði, hefði átt að vekja menn til hugsunar um, að nú væri til kostnaðurinn innanlands orðinn yfrið hár. Lengra yrði ekki farið í að auka hann. Þess vegna væri timi kauphækkananna nú liðinn. Verður og að játa, að ýmsir vöknudu til meðvitundar um, að í óefni væri komið og ljetu sjer tilrætt um það. En þegar komið hefur að kaupi og pyngju hvers einstaklings um sig eða stjettarhóps og heildar, hefur kveðið við nokkuð annan tón. Þá hafa menn enn mjög talið sig afskipta og heimt að meira í sinn hlut, jafnvel þó að þeir gætu unnt einhverjum öðrum að bera mun minna úrbýtum en hann hefur gert.

Ríkisstjórnin gerði sjer auðvitað ljóst, að eitt helsta viðfangsefni hennar hlaut að vera stöðvun dýrtíðarinnar, og lækkun eftir því sem fremst yrði við komið. Í orðum hljóðar þetta vel, en þegar að er gáð, þarf tvennt til að þetta geti náðst.

Orsök verðbólgunnar.

Á annan bóginn þarf erlenda varan að hætta að hækka eða helst lækka í verði. Verð hennar er hinsvegar að mestu leyti fólgioð í erlendum tilkostnaði, sem Íslendingar ekki hafa nein áhrif á hver verður. Farmgjöldin eru að visu að nokkru leyti, sem betur fer nú orðið, innlendur tilkostnaður, en að öðru leyti eru þau útlendir, og að svo miklu leyti sem um innlendan tilkostnað er að ræða, eru þau langsamlega mest kaup gjald. Sama er um dreifingarkostnaðinn innanlands. Þar kveður mest að kaupgjaldi í einni eða annari mynd.

Mönnum hefur að visu orðið tiðrætt um kaupmannsgróðann. En þá er þess að geta, að í tið númerandi stjórnar hefur vörugálagning verið lækkuð verulega frá því sem áður var. Kveður svo rammt að því, að jeg hygg stjórnina nú frekar ámælisverða fyrir að þola of rír kjör þeim til handa, sem kostnað bera af dreifingunni, en hið gagnstæða. Um þáð geta smákaupmenn og ýmsir aðrir talað af meiri þekkingu en jeg.

Hvað sem um það er, er víst, að aðalhluti af kostnaði útlendu vörunnar er hið útlenda verðlag, sem við ráðum ekki við.

Á hinn bóginn er tilkostnaðurinn innanlands, sá, sem veldur verðbólgunni fyrst og fremst kaupgjald með einhverjum hætti.

Þegar kommúnistar lofuðu að hindra kauphækkanir.

Ef stöðva átti verðbólguna varð því ekki framhjá því komist, að stöðva varð kaupgjaldshækkanir, og ef lækka átti verðbólguna hlaut skammt að verða komist á þeirri leið án þess að til kauplækkana yrði að koma. Þessar staðreyndir höfðu menn

auðvitað lengi haft í huga. Þess vegna var það ein af forsendum fyrir stjórnarmynduninni 1944, að kommúnistar lofuðu þá að beita sjer fyrir, að kauphækkanir innanlands stöðvuðust, nema aðeins lagfæringar til samræmingar, og var þá miðað við þáverandi Dagsbrúnartaxta í Reykjavík sem hámark.

Allir vita, að kommúnistar stóðu ekki við þessar ráðagerðir. Þegar þeir höfðu farið halloka í bæjarstjórnarkosningunum í ársbyrjun 1946, gripu þeir strax til Dagsbrúnarverfalls, í því skyni að nota samtök verkalyðsins til að herða lið sitt og hressa það við. Knúðu þeir bannig fram nokkra kauphækkanir og var henni auðvitað fylgt eftir í öðrum fjalögum við vegar um land.

Hótanir kommúnista.

En úr því að kommúnistar höfðu farið bannig að, þegar þeir voru enn í stjórn, — báru ábyrgðina — og vænta mátti, að þeir tækji tillit til þeirra örðugleika fyrir atvinnulífið, sem þeir jafnvel og aðrir vissu að myndi stafa af sífelldum kauphækkanum, þá gat enginn gert sjer tyllivonir um, að vel mundi fara eftir að þeir voru komnir í harðvítuga stjórnarandstöðu.

Um það bil, sem stjórnin var mynduð og fyrstu mánuðina þar á eftir, fóru kommúnistar heldur ekki dult með, að þeir mundu knýja stjórnina frá á allra næstu mánuðum. Sögðu þeir þá hiklaust, að þeir myndu nota verkalyðsfjelögini og verkfallspunið í þessu skyni. Ætlun þeirra var sú, að knýja fram verkföll undir yfirskyni krafna um miklar kauphækkanir og þar með helst að neyða ríkisstjórnina frá völdum. Og ef það tækist ekki við fyrsta áhlaup, þá a. m. k. að hækka kaupið svo, að dýrtíðin yrði með öllu óviðráðanleg og stjórnin yrði af þeim sökum að beiðast lausnar þegar fram á haustið kæmi.

Dagsbrúnar-verkfallið.

Þetta þokkalega áform komst í framkvæmd með Dagsbrúnarverkfallinu í júní í fyrra og öðrum verkföllum, sem við það voru tengd. Vegna þess að óverjandi var að stöðva síldveiðirnar vegna smávægilegs ágreiningum um kaup, varð niðurstaðan sú, að samið var um nokkra kauphækkanir. Sú hækken var þó aðeins minnihluti af því, sem kommúnistar höfðu fengið Dagsbrún og önnur fjalög til að krefjast. Enda höfðu sum fjalög in, sem kommúnistar þá beittu fyrir sig, litið eða ekki annað upp úr verkföllunum en kaupmissirn meðan á þeim stóð. En sjálf Dagsbrún fjekk ekki meiri kauphækkanun handa sínum mónum en svo, að margra mánaða eða ársvinnu þurfti til að vega upp á móti því tjóni, sem verkamenn höfðu beðið af hinu langvinna verkfalli.

Auðvitað varð árangur þessarar kauphækkanar samt sá, sem til hafði verið stofnað: Að hækka enn tilkostnaðinn innanlands, auka dýrtíðina og verðbólguna og skapa þannig meiri örðugleika fyrir framleiðslu og

lífvæna atvinnu en áður höfðu verið. Þessar afleiðingar komu m. a. fram í hækkun landbúnararafurða-verðsins á s. 1. hausti, sem að sjálfsögðu varð að hækka, úr því að tilkostnaðurinn hafði hækkað og úr því að kaupgjald þeirra stjetta, sem kjör bændanna eru miðuð við, hafði hækkað að aura tali.

Kommúnistum hepnað aukning verðbólgunnar en mistekst aðaláformið.

Ávextir þessarar kauphækkanar Dagsbrúnar fyrir rjettu ári eru enn ekki til fullnstu uppskornir, því að enn eiga sjer öðru hvoru stað kauphækkanir gerðar til samræmis við þessa kauphækkan. Er að sjálfsögðu erfitt að standa á móti því, að aðrir verkamenn og aðrar stjettir fái hliðstæð kjör við þá, sem kommúnistar fengu sem forriðara í verðbólubaráttu sinni.

Væri það og auðvitað ekki nema ánægjulegt að hækka kaupið, ef þar væri um raunverulega kjara bót að ræða almenningi til handa. Meinið er það, að með hinum sífelldu kauphækkanum er verið að grafa undan lífsmætti atvinnuveganna — gera okkur erfðara fyrir um sölu afurða. En á því, að afurðasalan takist vel, hvilir að lokum fjárhagsleg hamingja og velfarnaður allra stjettar í landinu, að hverju sem hver um sig vinnur.

Moldvörpustarf kommúnista hafði bannig að þessu leyti tekist að nokkru leyti, þó að í mun minna mæli væri, en þeir í upphafi höfðu ætlað sjer. Hitt mistókst gjörsamlega að nota þessi verkföll til að knýja ríkisstjórnina frá völdum. Afleiðingin varð þvert á móti sú, að fleiri sannfærðust en nokkru sinni áður, um, að flokki, sem slík vopn notaði, væri ekki treystandi, og að á meðan annars væri ekki völ yrði að nýtast við númerandi stjórnarsamstarf til að halda uppi löglegi stjórn í landinu.

Flestum finst sinn hlutur of rír.

Sú aukna verðbólga, er stafáði af tilræði kommúnista, gerði enn óumflýjanlegra en áður, að reyna að finna varanleg ráð til lækningar henni. Af þessum sökum lagði ríkisstjórnin í það mjög mikla vinnu sjálf — og fjekk í lið með sjer marga sjerræðinga og þar að auki fulltrúa frá ýmsum stjettum, síðari hluta ársins 1947, — að reyna að finna lausn dýrtíðarmálanna, að reyna að fára verðlagið innanlands til samræmis við markaðsverð erlendis.

Niðurstaða allra þessara bolla leggingar var sú, að allir kváðu sig reiðubúna til að taka þátt í lækkunaráformum á verðbólgu, en svo, að margra málið og virtist flestum, að byrðar þær, sem þeirra stjettir yrði að bera, væri ærið þungar fyrir, þó að enn væri ekki á þær aukið.

Úrrædin tvö.

Rækileg íhugun málsins leiddi hinsvegar í ljós, að þarna var í raun og veru ekki nema um

tvær höfuðleiðir að ræða. Annad höfvt bein kauplækkun, sem að visu var hægt að kalla lækkun á visitölu, en hlaut þó að hafa i för með sjer verulega kaupskerðingu, jafnvel þó að kjaraskerðingin yrði mun minni en sjálf visitölulækkunin, eða bá lækkun á gengi peninganna.

Við samnaburð kom í ljós, að gengislækkun mundi a. m. k. til að byrja með koma miklu betur við allan almenning. Kjaraskerðingin, sem af henni leiddi, yrði minni heldur en af nokkuru öðru úrræði. Samtímis því, sem gengislækkunin mundi koma atvinnuvegnum, og þá fyrst og fremst útflutningsversluninni til skjötari og meiri nota en nokkur önnur leið, er menn komu auga á.

Hugsanlegt var lika, að sam-eina einhverja visitölulækkun við gengislækkun, þannig að hvortveggja leiðin yrði farin samtímis, og þurfti þá skemmta að fara eftir hvorri um sig heldur en ella hefði þurft.

Kommúnistar ætla að knýja fram gengislækkun.

Jeg skal játa, að jeg hef verið eindreginn á móti því að lækka gengi krónunnar. Liggja til þess auðskildar ástæður, fyrst og fremst hve óholl áhrif gengislækkun hlýtur að hafa á sparnaðarhug almennings, og harðneskjan, sem kemur fram í því að ríra gildi þess fjárl, sem gamalt fólk og e. t. v. farlama hefur dregið saman, oft með aernu erfði, sjer til lífsviðurvaris, þegar á móti tækji að blása.

En þessar og aðrar mikilvægar ástæður geta þó ekki eytt þeirri staðreynd, að hinar sífelldu kauphækkanir síðastliðinna 8 ára og verðbólgin, sem af þeim hefur stafað, hafa raunverulega fellt krónuna í gildi. Fram hjá formlegri viðurkenningu þess verður ekki komist til lengdar nema með því að lækna verðbólguna, lækka tilkostnaðinn og fára kaupgjaldið til samræmis við raunverulegt verðlag vörurnar á erlendum mörkuðum. Ef og á meðan þetta tekst ekki blasir við að fara verði hina leiðina út úr ógöngunum, sem sje að fella verði gengið.

Við skulum og hafa í huga, að kommúnistar stefna markvist að því að knýja fram gengislækkun. Baráttu þeirra fyrir hækkuðum tilkostnaði og aukinni verðbólgu er einmitt háð af ráðnum hug í þeim tilgangi, að gengislækkun verði óumflýjanleg. Hin venjulega tvöfeldni þeirra og sviksemi kemur hinsvegar fram í því, að þeir ætla að kenna öðrum um þá afleiðingu, sem er óhákvæmileg af atferli sjálfræði þeirra, og búa sig undir að nota hana sem enn nýtt tilefni kauphækkanaröldu um land allt, svo að ómögulegt verði að forðast lómun atvinnulífsins.

Dýrtíðarlögin.

Allar þessar íhuganir og ýmsar fleiri leiddu til þess, að á s. 1. vetrar reyndist ómögulegt að hafa ekki sambandslagi um fram

tíðarlausn þessara mála. Menn töldu ekki fært að hverfa frá fiskuppbotunum, sem ákveðnar höfðu verið árinu áður. Ef slíkt hefði verið gert hefði þurft að lækka visitöluna niður fyrir 200 stig eða fella gengið um a. m. k. 40%. Hvortveggja sýndist mönnum meira en unnt væri að gera í einu stökki. Ein-kanlega á meðan einstaka atvinnurekstur virtist bera sig sæmilega, svo sem útgerð ný-sköpunartogaranna og sildveiðar að sumri til, a. m. k. ef verulegur afli fæst.

Niðurstaðan varð því sú, að ákveðið var að halda enn fast við hinar illräemu niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum og bátafiski á þessu ári, en lækka visitöluna úr 328 niður í 300 stig, eða nærri um 10%. Auðvitað var mönnum ljóst, að þessi ráðstöfun hlýti að hafa nokkra raunverulega kjaraskerðingu í för með sjer fyrir launastjettirnar. En þeir töldu svo sem rjett var, að skemmta yrði ekki gengið, ef forða ætti stöðvun mikils hluta framleiðslunnar.

Skilningur verkalyðsins nauðsynlegur.

Ýmsir töldu þýðingarlaust að reyna þessa leið nema jafnframt væri lögboðið, að grunnkaup mætti ekki hækka frá því, sem verið hafði, og bentu á, að kommúnistar mundu þegar í stað nota verkalyðssamtokin til að sprengja þessi lög. Aðrir hjeldu því fram, að þá fyrst myndu kommúnistar fá öflugt vopn í hendur, ef lög-bindir ætti kaup. Engu yrði áorkað í þessum efnum nema með náinni samvinnu við verkalyðinn, og yrði þess vegna að treysta því, að hann ljeti ekki kommúnista leiða sig út í algera ófæru. Varð það ofan á, að reyna hversu til tækist í þessu og voru þó ýmsir mætir menn fullir efasemda.

En er auðvitað ekki sýnt, hvernig sú tilraun tekst, og óneitanlegt er, að kaup hefur viða hækkað eftir að dýrtíðarlögin 1947 voru sett.

Ósigur kommúnista á Norðfirði.

Þó er sanrleikurinn sá, að enn hafa ekki átt sjer stað kauphækkanir nema til samræmis við það, sem áður var orðið en bau lög gengu í gildi. Allar tilraunir til að brjóta þau sjálf á bak aftur hafa þessvegna mistekist. Eftirtektarvert er — og eftirminnilegt — að kommúnistar hafa, gagnstætt fyrirætunum sínum, ekki treyst sjer út í verkfall nú að nýju fyrir síldveiðarnar 1948, eins og þeir gerðu 1947.

Og tilraun sú, sem kommúnistar gerðu á Norðfirði með tilstyrk bæjarstjórnar meirihluta síns þar, að ákveða grunnkaup 3 kr. á klst. fyrir venjulega verkamannavinnu, fór algerlega út um þúfur jafnvel þótt vifirlýstur tilgangur með þessu væri sá, að hefja allsherjarsókn gegn dýrtíðarlögnum. Hin kommúnistiska bæjarstjórn sá bann kost vænstan að hverfa

RÆÐA BJARNA BENEDIKTSSONAR

Framh. af bls. 3.
frá samþykkt sinni og semja um
Reykjavíkurtaxtann frá því í
fyrra.

Enn hafa því svartsýnismenn-
irnir um þetta reynst hafa rangt
fyrir sjer. Hitt er svo allt ann-
að mál, að dýrtiðarlögin frá
1947 eru hrein bráðabirgðaráð-
stofun.

Sjúkt atvinnulífi.

Atvinnulífið er í sjúklegu á-
standi á meðan svo er, að halda
verður uppi helstu atvinnugreinum
með miklum ríkis-
styrkjum. Fjárhag ríkisins er og
auðvitað stórkostleg hætta búin
af þessum sökum. Greiða verður
marga milljóna tugi í alls-
kyns uppbætur og verður að ná
því fje af borgurunum með
auknum sköttum, ef ekki á að
leiða til hækkandi ríkisskulda.
Er raunar hætt við, að hvort-
teggja verði niðurstaðan, að
skattarnir verði auknir, en þó
verði menn feimni við að
leggja svo mikið á, að innheimt
verði jafnóðum fyrir hinum gíf-
urlegu gjöldum. En þá blasa
skuldurnar við.

Samhliða þessu verður allur
ríkisreksturinn auðvitað mun
umfangsmeiri, einmitt vegna
þeirra margháttuðu afskipta,
sem hafa verður af atvinnuveg-
um af þessum sökum. Allt upp-
bótakerfið er vitni þess, að kaup
gjaldið í landinu er óeðlilega
hátt. Af þeim sökum skapast
óeðlileg kaupgeta, sem verður
að halda í skefjum með margs-
konar móti. Þar í er m. a. og
ekki síst, að leita skýringanna
á þeim miklu höftum, sem
leggja verður á framkvæmdir
einstaklinganna með starfsemi
Fjárhagsráðs, hinum ströngu
innflutningshöftum og öðru-
slíku.

Orsakir haftanna.

Það hefur oft verið bent á,
að mönnum kæmi að litlu haldi
að fá mikla peninga, ef þeir
gætu ekki fengið neitt keypt
fyrir þá. Við höfum nú valið
þann kostinn að halda hinu háa
kaupgjaldi. Að borga vöruna
hærra verði innanlands en við
fáum fyrir hana á erlendum
markaði. Af þessum sökum skap-
ast alveg óeðlilegur þrystingur
eftir vörum frá útlöndum, eftir
ýmiskonar þægindum, sem þjóð
in á þessu stigi hefur ekki efni
í að veita sjer.

Kommúnistar látu nú svo sem
þeir hafi viljað setja strangar
hömiur gegn innflutningi um
mitt ár 1946 til að hindra eyð-
slu gjaldeyrisins og ávita mjög
Pjetur Magnússon fyrir að hann
hafi haft þessar „tillögur“
þeirra að engu. Jeg skal að þessu
sinni látta liggja milli hluta
sannleiksgildi þess, hvort þeir
hafi gert nokkurn slikan ágrein-
ing innan ríkisstjórnarinnar.
Raunverulegan áhuga þeirra
fyrir sparnaði á gjaldeyrinum
má hinsvegar marka af því, að
þeir hrósá sjer sí og æ fyrir
að hafa hækkað kaupgjaldið í
landinu. En hvaða gagn er af
hækku kaupgjaldsins, ef ekki
er unt að fá vörur fyrir það? Og
megin-hlutinn af þeim vörum,
sem menn veita sjer vegna
hærra kaupgjalds en ádur, eru

útlendar vörur, sem ekki fást
nema fyrir erlendan gjaldeyri.
Ef hið háa kaupgjald væri í
samræmi við raunverulega
gjaldgetu þjóðarinnar, væri alt
í lagi. Gallinn er sá, að svo er
ekki. Óheilindi kommúnista í
þessum málum verða öllum aug-
ljós, þegar þeir nú hamast gegn
höftunum, sem þeir áður segjast
hafa heimtað, af því að þau
sjeu áras á lífskjör fólkssins.

Ef hin óeðlilega kaupgeta
væri úr sögunni, byrfti ekki hin
miklu höft til að standa á móti
henni til að forða því, að við á
skömmum tíma steypum okk-
ur í botniaust skuldafen er-
lendis. Og er þó vissulega hæg-
ara að tala um að fá lán erlendis
en að afla þess, eins og þeir
bekkja best, sem kunnugir eru
lánaútvegunum til bráðnað-
synlegra og mjög gjaldeyrisaf-
andi framkvæmda.

Einmitt vegna þessarar óeðli-
legu kaupgetu verður líka að
halda uppi hömlum innanlands
og skömmut til þess að enginn
hrifsi til sín umfram sinn hlut
af þeim innflutningi, sem þó
fæst til landsins.

Einfaldari framkvæmd haftanna nauðsynleg.

Jeg skal ekki fara að rekja
þessi hafta og fjárfestingarmál.
Það væri of löng saga, enda
held jeg, að við, sem hjer er-
um inni, munum öll vera sam-
mála um, að það sjeu ráðstaf-
anir, sem engu okkar geðjast
að og við viljum öll feig. Þó að
játa verði, að eins og nú standa
sakir, sje illt hjá þeim að kom-
ast. Bæði vegna þess, að við
verðum að vinna með þeim
flokkum í stjórn, sem elska höft
in og afskiptasemina jafnvel
meira en lífið í brjóstun á sjálf
um sjer. Sem og hitt, að hið
óeðlilega ástand í fjármálum
landsins, verðbóljan, leiðir til
þess, að ef ekki á allt að fara úr
jafnvægi verður að jafna metin
með slíkum þvingunar ráðstöf-
num.

Enn annað mál er svo það,
hvort þessar ráðstafanir eru
ekki of umsvifamiklar og þung-
ar í vöfum jafnvel meðan á
þeim þarf að halda. Kemur þar
margt til, m. a. það, að sem
betur fer eru menn óvanir því
hier á landi að standa í sliku —
og við skulum vona, að allt
betta standi ekki lengur en svo,
að sjerþekking manna í þeim
efnum verði ætið aðeins svipur
háa sjón miðað við það, sem í
socialistiskum þjóðfjelögum er.

Ágreiningur í verslunar- málunum.

Sem og hitt, að mikill ágrein-
ingur er milli þeirra, sem að
stjórninni standa um það,
hvernig þessum höftum skuli
beitt. Framsóknarflokkurinn
vill nota þau til að gera rót-
tækjar breytingar, sjerstaklega í
verslunarmálunum, helst leggja
verslunarstjettina að velli eða
veita henni alvarleg áföll. Al-
þýðuflokkurinn fer nokkuð bil
beggja. En Sjálfstæðisflokkurinn
vill láta höftin koma rjett-
lægla niður og forðast þar að
fylna einum á kostnað annars.

Mikið starf umnar stjórnarinnar
ar og hjá þeim nefndum, sem að

þessu starfa, hefur einmitt farið
í þessa togstreitu, og veit jeg
sannast sagt ekki, hvernig til
hefur tekist. Eitt er víst, að all-
ir eru óánægðir.

Fjárhagsráð gert mikið gagn.

Allir telja á sinn hlut gengið.
Er það vissulega ekki ánægju-
efni fyrir þá, sem á þessum út-
hlutunum bera ábyrgð, þó að
það hinsvegar kunni að vera
vitni þess, að minna sje um í-
vilnanir nokkrum til handa
heldur en sumir vilja vera láta.
Verða menn að gera sjer ljóst,
að þessi höft og takmarkanir
er einmitt sett vegna þess, að
þjóðin hafði ekki, og hefir ekki,
efni á að lifa eins ríkulega og
hin innlenda peningavelta seg-
ir til um. Ætlunin er beinlinis,
að fá menn til að draga við sig
til að forða frá algeru öngþveiti,
upplausn og atvinnuleysi.

Jeg er ekki í nokkrum vafa
um það, að þótt jeg telji, að
starf Fjárhagsráðs eigi ekki að
verða til frambúðar, þá hefir
það eins og nú standa sakir mik
i verk að vinna og hefur þeg-
ar orðið að miklu gagni.

Rannsóknir þess og skyrslur
hafa gert ýmis meginatriði
miklu ljósari fyrir öllum en áð-
ur var, og ráðstafanir þess hafa
leitt til þess, að öngþveitið, sem
blasti við vegna þess að menn
vildu ráðast í of miklar fram-
kvæmdir í senn, varð um flúið,
með þeim árangri, að full at-
vinna helst og nýsköpunin
eykt.

Nýsköpunin heldur áfram.

Kommúnistar segja að vísu,
að nýsköpunir sje stöðvuð. Stað
reyndirnar segja allt annað. Á
því ári, sem nú er að líða, hefur
íslenska flotanum bæst stærsta
skipið, sem Íslendingar hafa átt,
Tröllafoss, hið nýja skip Eim-
skipafjelagsins, og voru þau
kaup ekki áformuð í hinum
fyrstu nýsköpunar-áætlunum.

Sama er að segja um kaup á
tveimur millilandaflugvélum,
sem nú eru ráðin. En við ísl-
endingar erum aðeins að byrja
að fá skilning á þýðingu flug-
ferðanna fyrir þjóðlíf okkar.

Sama er að segja um hinar
miklu framkvæmdir til hagnýtingar
síldaraflans í Faxaflóa.
Er þar unnið að öllu í senn:
Stórfelldri aukningu eldri verk-
smiðja þar um slóðir, fram-
kvæmdum við hina fljótandi
síldarverksmiðju Hærings og
undirbúning hinnar nýstárlégu-
en þýðingarmiklu verksmiðju
Reykjavíkurbæjar og Kveld-
úlfss.

Þá er að geta landbúnaðar-
vinnuvjela og tækja, sem mik-
ið er flutt inn af, þótt eftir-
spurninni sje hvergi nærrí full-
nægt.

Og nú síðast er að minnast
ráðagerðanna um smíði a. m. k.
10 nýsköpunartogara til við-
bótar.

Allar þessar aðgerðir sýna, að
eftir fremstu getu, og stundum
jafnvel umfram getu, hefur ver-
ið leitast við að halda nýskö-
unarframkvæmdunum áfram, um
hafi giftusamlega tekist í
miklu kaupgetu innanlands erum árum.

ekki hægt að fullnægja og þess-
vegna verður að halda í um
sumt.

Pegnskapur verslunar- stjettarinnar.

Hvorki jeg nje aðrir, sem í
þessu standa, höfum nokkurn-
tíma gert okkur í hugarlund,
að það væri vinsælt að vinna
bannig að því, að standa á móti
óskum menna og hindra þá í að
gera ráðstafanir og fá keypta
hluti, sem þeir eftir innlendum
mælikvarða hafa efni á, þótt
þjóðinni í heild sje það ofviða.
Einkum er það skiljanlegt, að
sú stjett, verslunarstjettinn, sem
betta kemur harðast niður á,
hljóti að vera óánægð, vegna
þess að hún fær minna til að
versla með en áður var og
minna en þarfir borgaranna,
að fá menn til að draga við sig
til að forða frá algeru öngþveiti,

verslunina með öllum ráðum,
góðum og illum, en hinir tveir
flokkarnir hafa beinlinis lands-
verslun á stefnuskrá sinni. Þessa
aðstöðu verður að hafa í huga,
þegar metið er, hversu vörnin
fyrir frjálsri verslun hefur tek-
ist, og kvíði jeg engu um dóm
rjettsýnna manna í þeim efn-
um.

Kommúnistar og verslunarfrelið.

Hitt hlýtur öllum að blöskra,
þegar kommúnistar gráta krókó
dilstárum sínum yfir því, að
hversu þrengt sje að frjálsri
verslun á Íslandi. Sömu mén-
irnir, sem á s. l. vetri flutu
þjóðinni þann boðskap úr sölm
Alþingis Íslendinga, að auð-
vitað hefði framkvæmdaneindum
kommúnista verið heimilt
að hreinsa til á þingi Tjekka
og reka löglega kosna fulltrúa
baðan án kosninga, dóms og
laga, því að þeir, sem reknir
hefðu verið, væri aðeins „sem-
entskaupmenn“ eða aðrir á móta
rjettslausir skaðræðisgrípir.

Sumir segja að það sje fyrst
dauðinn, sem gerir menn
frjálsa. Þorbergur Þórðarson
hefur nú sagt frá því í Þjóð-
viljanum, að Brynjólfur Bjarna-
son sje farinn að leggja stund á
spiritisma. Kann því að vera, að
hann og flokkur hans unni versl-
unarstjettinni íslensku góða
gengis á æðri tilverustegum í
andaheiminum, en það frelsi
dauðans er þá áreiðanlega hið
eina frelsi, sem kommúnistar
unna íslenskum verslunar- og
kaupsýslumönnum.

Stofnað fjelag ungra Sjálfstæðismanna í Mýrarsýslu

Um fimmfíu manns gengu í fjelagið

S.L. LAUGARDAG var stofnað fjelag ungra Sjálfstæðismanna í Mýrarsýslu. Voru stofnendur fjelagsins um fimmfíu úr flestum hreppum sýslunnar.

Er liklegt að margir fleiri gangi í fjelagið á næstunni, því mikill áhugi er ríkjandi hjá ungum Sjálfstæðismönnum í sýslunni og munu þeir vinna að því að gera þessi samtök sín, sem allra öflugust.

Stofnfundurinn var haldinn
á Hreðavatni á laugardagskvöld
og sátu hann ásamt innanhjer-
ðasmönnum nokkrir Heimdell-
ingar, en Heimdallur efnid sem
kunugt er til skemtiferðar upp
í Borgarfjörð um helgina.

Gunnar Helgason erindreki
Sjálfstæðisflokkssins mætti á
fundinum. Skýrði hann frá
starfi og skipulagi fjelagssam-
taka ungra Sjálfstæðismanna,
þýðingu þeirra fyrir flokkinum
og starfsemi hans. Bentí hann á
hversu síauknu fylgi Sjálfstæði-
ssistefnan ætti að fagna hjá æsk-
unni og sýndi það ef til vill

bestur en flest annað, að flokkn
í Sjálfstæðisflokkinn í sýslunni
við næstu kosningar. Var það
greinilegt, að ungr Sjálfstæði-
menn voru ánægðir með fram-
boð hans og nýtur hann mikils
trausta meðal sýslubúa.

Einar Ásmundsson

hæstaréttarlögmáður
SKYLSTOKA:
Tjarnargöt 10 — Sími 5407.

Morgunblaðið

25. árgangur

247. tbl. — Miðvikudagur 20. október 1948.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra:

Upphaf viðreisnaráforma Vestur-Evrópu

Þrátt fyrir gífurlega útflutningsverslun, er vöru-skiftajöfnuðurinn óhagstæður

VÖRUSKIFTAJÖFNUDURINN í septembermánuði, var óhagstæður um 17,4 milj. kr. og þá niu mánuði, sem liðnir eru af ári þessu, er vöruskiftajöfnuðurinn óhagstæður um 28,1 milj. kr. Í sept. áttum við mest viðskifti við Bretland, Þýskaland er annað í röðinni og Svíþjóð hið þriðja. Það mun vera í fyrsta skifti í sögunni, að íslensk framleiðsla er seld til Kína, en þangað fór nokkuð af lýsi í september.

Í september.

Hagstofan skýrði Mbl. í gær frá útkomu vöruskiftanna í september. Verðmæti innfluttrar vörur nam 54,9 milj., en útfluttrar vörur 37,5 milj. kr. Eins og fyrr segir, þá er vöruskiftajöfnuðurinn fyrir þá niu mánuði, sem liðnir eru af þessu ári, óhagstæður um 28,1 milj. kr. Verðmæti innfluttrar vörur á þessu tímabili nemur 325,5 milj. kr. og útfluttrar 297,4 milj. kr. Á sama tímabili í fyrra, var vöruskiftajöfnuðurinn óhagstæður um 159,7 milj. kr. Þá nam verðmæti innfluttrar vörur 360,9 milj. kr. en útfluttrar 201,2 milj. kr. Athyglisvert er, hve útflutningur þessa árs er miklu meiri en í fyrra.

A nýsköpunarrekning.

Í sambandi við innflutningsverslunina í sept., skal á það bent, að innifalin eru í henni fjögur skip, að verðmæti 13 milj. kr., sem öll eru á nýsköpunarrekningi. Skip þessi eru Hekla, togararnir Skúli Magnússon, Jón forseti og ms. Ingvar Guðjónsson. Þessi skip komu hingað til landsins á þriðja ársfjórðungi, júlí til sept. Einnig voru flugvjelarnar Geysir og Gullfaxi á vöruskiftareikninginn fyrir sept. Þessar tvær flugvjelar kostuðu hátt á fjórðu milj. kr.

Útflutningurinn.

Stærsti liður útflutningsverslunarinnar í sept var ísvarinn fiskur fyrir 9,7 milj. Til bresk-bandarískra hernámssvæðisins í Þýskalandi fyrir 8,9 milj. kr., en til Bretlands fyrir aðeins um 700 þús. kr. Saltsíld er næst stærsti liðurinn, eða 6,8 milj. kr. Til Svíþjóðar fór sild fyrir 3,9 milj. kr. til Finnlands fyrir 1,9 milj. og til Danmerkurs fyrir eina milj. Bretar keyptu því Frh. á bls. 8.

Kosning utanríkismálanefndar í gær

SAMEINAÐ Alþingi kaus í gær utanríkismálanefnd. Pessir menn voru kosnir aðal menn: Ólafur Thors, Gunnar Thoroddsen, Jóhann Hafstein, Asgeir Ásgeirsson, Hermann Jónasson, Páll Zophoniasson og Einar Ólgeirsson.

Varamenn: Bjarni Benediktsson, Jóhann P. Jósefsson, Björn Ólafsson, Stefán Jóhann Stefánsson, Eystein Jónsson, Bjarni Ásgeirsson og Brynjólfur Bjarnason.

Dansk eftirlitsskip við Grænland hverfur

EFTIRLITSVJELBÁTUR danska flotans, „Alken“ hefir horfið við Grænland og er óttast að báturninn hafi farist. Nið manna áhöfn var á bátnum.

„Alken“ fór frá Kangerdlug-suak 6. október og var ferðinni heitið til Angmassalik. Síðan hefir ekkert til bátsins spurst.

Danskar flugvjelar og amerískar hafa leitað bátsins, en árangurslaust. — Páll.

Á leið til Ruhr

London í gærkvöldi.

BRESKI aðstoðarutanríkisráðherrann, sem nú er staddur í París, ræddi í dag við Robertsson hershöfðingja, yfirmann hernámssvæðis Bretta í Þýskalandi og stjórnmála- og efnahagsráðunauta hans.

Ráðherrann er nú um það bil að leggja af stað í priggja daga ferðalag til Ruhr. — Reuter.



Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra.

25000 tonn til Berlin

Berlin í gærkvöldi. BRESKAR og bandarískar flugvjelar fluttu meir en 25,000 tonn af vörum til Berlinar í síðastliðinni viku. Bresku flugvföldin skýrðu frá þessu í dag, og ljetu þess jafnframt getið, að 18,000 tn. af ofangreindum flutningi hefðu verið kol.

Frá því Rússar settu á aðflutningsbann sitt, hafa Bretar og Bandaríkjumenn als flutt loftleiðis til Berlinar um 328,000 tonn af matvælum og öðruhluti nauðsynjavörum. Á sama tímabili hafa breskar flugvjelar flogið samtals 8,250,000 milur. — Reuter.

Flotaæfingar á Kyrrahafi

London í gærkvöldi. BRESKI heimaflotinn, sem nú er staddur á Kyrrahafi, er byrjaður flug og flotaæfingar í samráði við bandarískar flotadeildir. — Reuter.

von Brauchitsch látinn

Hamburg í gær.

HEINRICH von Brauchitsch marskálkur ljest í gærkvöldi í breskum herspítala í Hamburg. Hann hafði verið veikur að undanförnu, en beið þess að verða stefnt fyrir rjett fyrir striðsglæpi.

von Brauchitsch, sem fæddur var í Berlin 1881, var gerður að yfirmanni þýska hersins 1938. Premur árum seinni missti hann þetta embætti fyrir mistök sin á austurvígstöðvunum. — Reuter.

Fyrsti hluti ræðu utanríkisráðherra á Alþingi í gær

RIKISSTJÓRNIN gaf í gær á fundi er hófst kl. 1,30 í Samteinuðu Alþingi, skýrslu um þátttöku Íslands í efnahagssamvinnu Vestur-Evrópu þjóðanna á grundvelli Marshall-áætlunarinnar. — Bjarni Benediktsson utanríkisráðherra tók fyrstur til málss og rakti aðdragandan að endurreisnaráætluninni, skýrði viðkomandi samninga, gerði grein fyrir því gagni, sem við Íslendingar hefðum af þeim haft og þeim vonum, er við og aðrar þátttökuþjóðir bygðum á þeim. Stóð ræða utanríkisráðherra í hálfu aðra klukkustund.

Emil Jónsson viðskiptamálaráðherra talaði næstur og skýrði frá áætlun þeirri, sem ríkisstjórn Íslands hefur látið gera um verklegar framkvæmdir og eflingu atvinnulífsins hjer á landi á næstu fjórum árum með stuðningi Efnahags-samvinnustofnunarinnar. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir að Íslendingar þurfi 542,8 milj. króna í innlendum og erlendum gjaldeyri á þessu tímabili til þess að framkvæma þessa áætlun, sem er nokkurskonar óskalisti þeirra um þær umbætur, sem þeir vilja koma í framkvæmd til þess að standa vel að víg efnalega þegar Marshallaðstoðinni lýkur eftir fjögur ár. Birtist ræða viðskiptamálaráðherra á bls. 5 og 7 í blaðinu í dag.

Hjer fer á eftir fyrsti kafli ræðu Bjarna Benediktssonar utanríkisráðherra:

AÐ HEIMSSTYRJÖLDINNI

síðari lokinni voru ekki aðeins mörg byggðarlög, landshlutar og fjöldi borga viðsvegar um Evrópu í rústum, heldur var einnig allt efnahagskerfi þjóðanna í upplausn, bæði innanlands hjá ýmsum þeirra og ekki síður varðandi öll samskipti þeirra á milli, enda varð vixlun á gjaldmiðli þeirra með hverjum degi örðugri. Af öllu þessu magnaðist öngþveiti svo innjög að við lá, að eðlileg verslunar viðskipti þjóðanna stöðvuðust, og að veruleg bið yrði á, að unnt væri að græða hin ógurlegu sár, er enn stóðu opin eftir styrjöldina.

að þær gætu af eigin afrakstri sjed sjer farborða.

Ræða þessi varð til þess, að utanríkisráðherrar Bretta, Frakka og Rússu hittust skömmu síðar í París og ræddu þar um hvort slikri samvinnu Evrópuþjóðanna skyldi komið á.

Hótanir Molotovs.

Því miður náðist ekki samkomulag milli þessara fulltrúa briggja höfuðþjóða álfunnar. Hefur utanríkisráðherra Bretta, Bevin, hvað eftir annað skýrt frá því að utanríkisráðherra Rússu hafi ekki aðeins verið ófánlegur til að taka þátt í þessari samvinnu heldur hafi hann beinlínis haft í hótunum um, að þjóðir hinna mundu hafa verra af, ef þær, þrátt fyrir synjun Rússu, efndu til samvinnu þessarar.

Utanríkisráðherrar Bretta og Frakka ljeto þó ekki aftra sjer frá, að gera það, sem þeir töldu rjett vera, að boðuðu til fundar Evrópuríkjanna allra, nema Spánar, í júlí 1947, til viðræðna um hvort slikri efnahagssamvinnu ætti að koma á.

Íslenska ríkisstjórnin taldi, með samþykki utanríkismálanefndar, frá upphafi sjálfsagt að taka þátt í þvílikri samvinnu.

En því miður urðu það ekki Framh. á bls. 2.

— Upphaf viðreisnaráforma Vestur-Evrópu

Framh. af bls. 1 nema 16 ríki, sem boðið þáðu. Rússland og öll ríkin fyrir austan járntjald höfnuðu boðinu. Ær þó á almannna vitorði, að sum þeirra, svo sem Pólland, Finnland og Júgóslavia, höfðu mikla löngun til að þiggja boðið, þó að ekki yrði af. Eitt þeirra, Tjekkoslóvakia, meira að segja þáði boðið í fyrstu, en treysti sjer ekki til að standa við þá afstöðu, þegar til átti að taka. Blandaðist aldrei neinum hugur um, hvernig á því fráhvarfi stóð og ef svo hefði verið, að einhver hefði efast um orsókina þá hlaut sá efi að hverfa við atburðina þar í landi á sl. vetrí. Sú sorgarsaga skal eigi rakin að slnni, en hitt verður seint nægi lega harmað, að hin austrænu ríki skyldu snúast svo við sem þau gerðu.

Hinir frjálsu í einni fylking.

Ríkin 16, sem þátt tóku í ráðstefnunni í París, eru aftur á móti einmitt þau ríki í álfunni, sem fóða eru gerða sinna, og gátu farið eftir því einu, er hagsmunir þeirra sögðu til um. Hjer á landi varð þegar í stað ljóst, að allir landsmenn, að undanteknum þeim háttv. socialistum, Sameiningarflokksmönum alþýðu, sem slegnir eru austrænu blindunni, voru sammála um, að sjálfsagt væri að taka frá upp-hafi þátt í þessu endurreisnarstarfi Evrópu.

Við Islandingar, sem gott vilju um eiga við allar þjóðir, hljóturnum að visu — ekki síður en aðrir — að harma, að samtök þessi urðu eigi svo viðtæk sem ætlað var í fyrstu og til var stofnað af utanríkisráðherrum Bandaríkjanna, Bretta og Frakkja. En alveg án tillits til þess, að samúð okkar hlýtur að verða með lýðræðis- og menningsarþjóðunum í vestri ef í odda skerst, þá hlaut öllum óblindum mönnum að vera ljóst, að hagsmunir landsins krefjast ná innar samvinnu við lönd þau, sem ákváðu að taka þátt í París arráðstefnunni.

Lega landsins.

Allir heilskyggnir menn sjá hver landfræðileg lega Íslands er. Að visu eru fornar sagnir um það, að fjórir uxar, sem rauðar voru að hálfu jötnaættar úr Austurvegi, hafi dregið Sjáland úr miðri Svíþjóð út í Eyrarsundi.

En þó að jeg efist ekki um, að hjer á landi sjeu nú ýmsir, sem víldu ganga fyrir plógi bónadans í Kreml, þá tel jeg þó engar likur til að þeir verði uxum hálf-austrænu þeim mun kröftugri, að þeir megni að draga Ísland úr miðju Atlantshafi alla leið inn á sljettur Sviþjóðar hinnar köldu eða Rússlands, svo sem nú er nefnt.

Viðskiftin mest við þátttökuríkin.

A sama veg og lega landsins segir til um, að við sjéum vestrænt ríki og hljótum að verða hábir örlogum þess heimshluta, skipar verslun landsins okkur í hóp þeirra ríkja, sem gerst hafa aðila að viðreisnaráætluninni. Athugun á verslunarviðskiptum okkar og þessara þjóða, og tel

jeg þá Þýskaland auðvitað með, leiðir þetta óumdeilanlega í ljós.

Frá og með árinu 1945 og þangað til nú, svo langt sem skýrslur ná, hefur 83,25% af útflutningi Islands verið til þátttökuríkja viðreisnaráætlunarinnar austan hafs og vestan, en 85,27% af innflutningnum hingað til lands komið frá þeim. En fyrir heimsstyrjöldina síðari var þetta þannig, að 1936—1938 var 91,7% af útflutningnum til þessara landa og 94,63% af innflutningnum frá þeim.

Hvernig sem á þetta verður litið verður þess vegna ekki um það deilt, að hagsmunir okkar eru svo tengdir þessum heimshluta, að alger ófarnaður mundi blasa við, ef tengslin við hann yrðu slitin.

Undirbúningsstarf.

Um fyrstu Parísa-ráðstefnuna get jeg að öðru leyti mjög styttr hjer mál mitt, því að jeg skýrði frá niðurstöðum hennar hjer i háttv. Sameinuðu þingi 19. október 1947. En á ráðstefnu þessari samþykktu þátttökuríkin að halda áfram samvinnu til að ná tilteknum höfuðmarkmiðum, sem öll miðuðu að stórkost legri nýsköpun í heimalöndum þeirra. Eftir að þetta samkomulag hafði náðst varð áframhaldið tvíbætt.

Annarsvegar unnu þátttökuríkin í Evrópu að því, að koma upp föstum samtökum sín á milli í framangreindum tilgangi. Hinsvegar vann stjórn Bandaríkjanna að því, að útvega sjer nauðsynlegar heimildir eftir lögum lands síns til að geta staðið við og fullnaðt fyrirheiti Mr. Marshalls í Harvard-ræðunni 5. júní 1947.

Parísa-samningurinn.

Að samningi um efnahags-samvinnu Evrópu var unnið á langvarandi ráðstefnu í París. Voru þar að verki fulltrúar þátttökuríkjanne 16 og hernáms-hluta Vesturveldanna í Þýskalandi. Hinn 16. apríl 1948 komu þessir aðilar sjer saman um samning um efnahagssamvinnu Evrópu, og var hann fullgiltur af Forseta Íslands 3. júlí 1948 og hefur verið birtur sem auglýsing nr. 61, 5. júlí 1948, um aðild Íslands að samningi um efnahagssamvinnu Evrópu. Hátt virtir þingmenn hafa hann fyrir framan sig í Stjórnartíðinda hefti, sem útbýtt hefur verið.

Sjálfur aðalsamningurinn er 28 greinar, en auk þess upphafssjálvæði og loks fylgiskjal með sjerstöku viðbótarákvæði. Þar að auki er svo viðbótaríkum lag nr. 1 varðandi rjetthæfi, sjer rjettindi og forrjettindi stofnunarinnar í 20 greinum og viðbótaríkum lag nr. 2 varðandi ákvæði um fjármál stofnunarinnar og er það í 9 greinum.

Um sjálfan samninginn er það að segja, að í innganginum og 1. til 9. grein eru aðallega viljayfirlýsingar samningsaðila um samvinnu þeirra á milli að efnahagssmálum og almennar skuldbindingar. Flestar eru þær þó lítt ákvæðar að orðalagi og láta samningsaðilum því eftir mikil svigrum um framkomu sínar, þó að nokkur

höfuðatriði sjeu tekin fram. Eru þau flest eða öll svo sjálfsögð, að flest ríki, eða a.m.k. Island, mundi hafa leitast við að fullnægja þeim, þó að um það væri enginn samningur gerður.

Efnahagskerfi landanna hvert öðru háð.

I innganginum er sett fram sú meginregla, sem óumdeilanleg er, að samningsaðilar viður kenna, að efnahagskerfi landanna sjeu hvert öðru háð og að velmegun hvers um sig sje undir velmegun allra komin. Með þessu staðreynd fyrir augum koma ríkin sjer svo saman um þá samvinnu, sem nánar er tilgreind í samningnum.

I 1. grein segir, að samningsaðilar sjeu samþykkir því að hafa með sjer nána samvinnu í efnahagssmálum og semja sameiginlega viðreisnaráætlun og framkvæma hana.

Markmið áætlunar þessarar muni verða það að ná sem fyrst og viðhalda fullnægjandi efna hagsafköstum án óvenjulegrar utanaðkomandi aðstoðar, og mun því í áætluninni sjerstaklega tekið tillit til þess, að samningsaðilar þurfi að auka sem mest útflutning til þeirra ríkja sem ekki taka þátt í henni. Til að greiða fyrir þessu skuldbinda löndin sig svo til að koma á fót Efnahagssamvinnu-stofnun Evrópu.

I 2. grein segir, að samningsaðilar muni efla sem mest má verða framleiðslu sína. Eru þar hafðar fyrir augum svipaðar framkvæmdir sem hjer á landi hafa hlotið nafnið nýsköpun. I 3. grein binda samningsaðilar sig til að gera almennar áætlunar um framleiðslu og skipti á vörum og þjónustu og síðan að leitast við að tryggja framkvæmd slíkra almennra áætlana.

Minkun viðskiftahamla.

I 4. grein segir, að samningsaðilar muni efla, svo sem frekast er unnt, með samvinnu sín á milli skipti á vörum og þjónustu. Í þessu skyni muni ríkin sem fyrst koma á marghliða greiðslufyrirkomulagi sín á milli og hafa samvinnu um, að draga úr viðskipta- og greiðslu hömlum sín á milli.

I 5. grein er aðalákvæðið það, að löndin muni halda áfram athugunum sínum á tollabandalögum eða svipuðum ráðstöfunum, svo sem myndun tollfrelsis svæða, er gætu orðið einn liður í því að náð verði markmiðum þeim, sem sett eru með samningi þessum.

Rjett er að geta þess, að Ísland hefur tekið þátt í athugun á almennu tollabandalagi milli þátttökuríkjan. Fram að þessu mun sú athugun einkum hafa verið fólgin í því, að safn að hefur verið viðtækum upplýsingum. Þá hefur Ísland eignig tekið þátt í athugun á tollabandalagi milli Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Íslands. Þær rannsóknir standa enn yfir og miðast auðvitað fyrst og fremst við samvinnu hinna briggja fyrrtöldu landa. Ísland hefur mjög ólika aðstöðu þessum löndum og hefur fullkominn fyrirvari um þá sjerstöðu

verið gerður strax í upphafi starfi með 12 mánaða uppsagn arfresti.

Ákvæðin í fyrra viðbótaríkum komulagi varðandi rjetthæfi, sjerrjettindi og forrjettindi stofnunarinnar eru svipuð því, sem gerist um slike alþjóða stofnanir og virðist ekki ástæða til að ræða það frekar.

Varðandi seinna viðbótaríkum komulagið um fjármál stofnunarinnar, skal tekið fram, að framlög aðila verða álfveðin með samkomulagi eftir svipuðum reglum og gilda um hliðstæðar stofnanir. Þen hefir Ísland ekki verið krafð um nema rúmlega 21 þúsund kr., en óákvæðið til hve langa tíma það er.

Undirbúningsstarf Bandaríkja-stjórnar.

Samtímis því sem fulltruar Evrópuríkjanna unnu að því að ná þessu samkomulagi um efna hagsstofnunina var í Bandaríkjunum unnið að því, að útvega heimildirnar fyrir þeirri hjálp, sem Marshall utanríkisráðherra hafði lofað í Harvard-ræðu sinni. Sú heimild var veitt í lögum, sem Bandaríkjapáning samþykkti og staðfest voru 3. apríl 1948. Er það allmikill laga bálkur og er ástæðulaust að rekja hann hjer, enda fjalla þau lög að vonum að verulegu leyti um það, hvernig Bandaríkjameð hugsa sjer að láta afla hjáparinnar, vinna að framkvæmd hennar og annað slikt.

Samkv. 115 gr. laganna er hinsvegar gert ráð fyrir, að til þess að ríki geti orðið hjáparinnar aðnjótaandi þurfi það hvortveggja: Að taka þátt í samstarfi Evrópusjóðanna sín á milli, svo sem samkomulag varð um í París 16. apríl, og að hvert ríki um sig geri samning við Bandaríkin um hjálpinu til þess.

Skilyrði bandarísku laganna.

Kveðið er á um nokkur skilyrði, sem ætlast er til að tekin sjeu fram í þeim sjersamningum, sem Bandaríkin þannig eiga að gera við hvert ríki. Þessi fyrirmæli eru auðvitað almenn og eiga ekki öll við alla samningsaðilana.

Engu að síður varð raunin sú þegar þessir samningar voru gerðir, að skilyrðin voru að mestu tekin upp í samningana við hvert ríki um sig. Bandaríkjastjórn gat ekki horfið frá þeim skilyrðum, er löginn höfðu sett. Eru því nokkur atriði í flestum samninganna, sem ekki eiga til hlýtar við það land, sem er aðili þess samnings. Leiddi þetta og til þess að um sumt varð að gera beinan fyrir vara við samningsundirskrift.

Fyrirvari um atvinnurjettindi.

Að vonum var gert ráð fyrir því að nokkur tíma tæki að koma á öllum þessum samningum og var frestur settur um það til júlibyrjunar s.l. Hinsvegar var heimilt að veita þátttökuríkjunum nokkra hjálp strax frá aprílbyrjun. Til þess að geta orðið hennar aðnjótaandi þurfti að gefa sjerstaka yfirlýsingum, að ætlunin væri að gera aðili getur horfið ur þessu sam-

Ræða Emils Jónssonar

Frh. af bls. 7.
fláttar inn frá Kanada og Bandaríkjunum, aðallega hveiti mjölf og malað korn. Til þess að spara dollara hefur verið hafinn undirbúningur að byggingu kornmyllu, sem afkasti ár lega 12,000 smál, en afköstingætu með góðu móti orðið aukin i 20.000 tonn.

Heildar byggingarkostnaður þessarar myllu er áætlaður um 1 milj. dollara, en af þeiri upp hæð byrftu um 700 þús. dollara að greiðast í erl. gjaldeyri. — Vjelar frá Bandaríkjunum munu væntanlega keyptar fyrir aðeins 50 þús. dollara, en aðrar vjelar og byggingarefni mun verða keypt frá þáttökuríkjunum.

Áætlað er, að kornmyllan verði bygd á árunum 1950—52.

Kosta 542,8 milj. króna.

Þegar ráðherrann hafði lokið lestri þessarar skýrslu, sem Efnahagsstofnuninni í París hefir verið send dró hann saman kostnaðinn við einstakar tegundir þeirra framkvæmda, sem þar eru ráðgerðar. Samkvæmt niðurstöðu hans er áætl að að kostnaðurinn við þær verði á næstu fjórum árum

361,7 milj. kr. í erlendum gjald eyri, en 181,1 milj. kr. í innlendum gjald eyri, eða samtals 542,8 milj. króna. Miðað við fjögur ár, yrði að meðaltali 137,7 milj. kr. varið til framkvæmda áætlunarinnar.

Fyrst og fremst óskalisti.

Emil Jónsson lagði áherslu á það, að á þessa áætlun bæri fyrst og fremst að líta sem óska lista Íslendinga um þær framkvæmdir, sem mikla nauðsyn bæri til þess að vinna að á næstu 4 árum. Tími hefði hins vegar ekki unnist til að framkvæma ýmsar rannsóknir, sem nauðsynlegar væru þegar slike ar áætlanir væru gerðar.

Að undirbúningi og samningu áætlunarinnar hefðu þeir fyrst og fremst unnið, Þórhallur Ásgeirsson skrifstofustjóri og Davið Ólafsson fiskimálastjóri. Ennfremur heir Dr. Oddur Guðjónsson og Sigtryggur Klementsson lögfræðingur. Hefðu þessir menn allir haft samráð við hinum ýmsu stofnanir athafnalifsins um hverskonar upplýsingar og tillögur.

Markús



Jeg held, að Towne sje farinn að verða betri viðureignar, Andi. Hann er farinn að líta betur út og jeg veit, að honum

Einstakt tækifæri.

Nokkur atriði þessarar áætlunar væri þegar komin til framkvæmda. En flest þeirra væru þó á undirbúningsstigi. Hjer væri um einstakt tækifæri að ræða fyrir Íslendinga, sem skorti fjármagn til margskonar framkvæmda í landi sín. Ríkisstjórnin hefði þess vegna viljað setja markið hátt. Henni væri einnig kunnugt um að aðrar Evrópuþjóðir hyggðu á stórfeldar framkvæmdir á grundvelli efnahagsaðstoðarinnar og byggðu framtíðarárafkomu sina mjög á þeim.

Takmark okkar Íslendinga með þáttöku í efnahagssamvinnu Evrópu væri hið sama og annara þjóða, að verða þess megnugir að standa á eigin fótum efnahagslega og þó sjerstaklega að hafa náð jöfnuði í viðskiftum okkar við dollara svæðið að hinu fjögura ára tíma bili Marshalláætlunarinnar loknu.

Ný kirkjuorgel í Bessastaðakirkju og Eyrarbakka

NÝ kirkjuorgel verða sett upp í Bessastaðakirkju og Eyra bakkakirkju nú næstu daga. Þá mun kapella Háskólans fá orgel í vetrur, svo og kaþólska kirkjan.

Bessastaðakirkja verður vígð með athöfn 31. okt. n.k. Svo sem kunnugt er hafa farið fram miklar endurbætur og breyttingar á kirkjunni. Hið nýja orgel sem sett verður upp í kirkjunni, er pípuorgel með tveim hljóðborðum og fótspili.

Í Eyrarbakkakirkju, hefur Eyrbekkingafjelagið hjer í Reyjavík gefið samskonar orgel og verður í Bessastaðakirkju. Þá mun verða vigt 7. nóv. n.k. og mun dr. Páll Ísólfsson þá leika á það.

Óvist mun vera hvenær orgel kapellunnar og kaþólsku kirkjunnar verða tekin í notkun.

Nýtt heimsmet.

LONDON — Ritstjórar breska blaðsins Daily Express halda því fram, að blaðið hafi sett nýtt heimsmet í sölu morgunblaðs. Í septembermánuði s.l. seldust að meðaltali 3,923,362 ein-tök á dag.

... AND I BELIEVE HE IS GOING TO LIKE FISHING SO WELL HE'LL STOP DUMPING POISON IN THE RIVER...



er farið að liða betur.

— Jeg held, að honum sje farið að þykja gaman að veiða, svo að hann hýtur að hætta að

Ræða utanríkisráðherra

(Framh. af bls. 2)
grundvelli þeirra skilyrða sem talin eru í 115. grein.

Af Íslands hálfu var slik yfir lýsing gefin með brjefi 28. apríl 1948, sem Thor Thors sendiherra Íslands í Washington undirritaði af hálfu íslensku stjórnarinnar. Í sambandi við þessa yfirlýsing var, vegna sjerstaks ákvæðis í 115. grein laganna varðandi atvinnurjettindi, sem varhugavert þótti geta orðið, gerður svohljóðandi fyrirvarí í íslenskri þýdingu:

„Stjórn míð óskar að leggja áherslu á, að hún getur ekki breytt fiskveiðilöggjöf Íslands nje atvinnurjettindalöggjöfinni þar sem hvortveggja veita íslenskum hagsmunum lífsnauðsynlega vernd“. Var þess vegna þegar frá upphafi gerður um það skýlaus fyrirvarí af Íslands hálfu, að þegar til samninga kæmi samkv. 115. gr. væri ekki hægt að veita svo ótakmörkuð atvinnurjettindi sem þar eru ráðgerð. Og sætti Bandaríkjastjórn sig að fullu við þennan fyrirvara íslensku stjórnarinnar.

Óhagstæður

Framh. af bls. 1
nær allan freðfiskinn, eða fyrir 3,9 milj. og til Bandaríkjanna var seldur freðfiskur fyrir 1,6 milj. Sildarolian fór öll til Bretlands, eða fyrir 5,7 milj. kr. Lísi var sett fyrir 3,9 milj. kr. Þá skiptist niður á 12 lönd og gefur það nokkra hugmynd um eftirspurnina um það. Verulegan hluta þess keypti Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna. — Lísi fór m. a. til Trieste, fyrir 975 þús. kr., til Ítalíu fyrir um 600 þús. kr., austur í Kína veldi fór lísi fyrri um 400 þús. og til Palestínu fyrir um 300 þús. Einnig fór lísi til Bandaríkjanna fyrir um 600 þús. kr. Fiskimjöl var sett fyrir um 1,5 milj. kr. og skiptist þá að nokkuð jöfnu milli Finnlands og Palestínu.

Samkvæmt yfirlitinu um útflutningsverslunina, hefur hún í sept. beinst mest til Bretlands, eða fyrir 10,7 milj. kr. Næst kemur Þýskaland með tæpar 9 milj., Svíþjóð er þriðja í röðinni með 3,9 milj. kr. Ítalía 3,1 milj., Finnland 2,9 milj., Frakkland 2 milj., Danmörk 1,5 milj. og Palestína keypti íslenskar afurðir fyrir 1,1 milj. kr.

LET THROUGH WHEN DOG WILL BE BETTER AND MAYBE CHEERY WILL CHANGE HER MIND ABOUT ME



kasta eitriðu í Söngá.

Þá kemst laxinn framhjá, svo að gamla manninum batnar kaþiski og ætli Cherry verði há

— Meðal annara orða

Frh. af bls. 6.
bjargað heimsfriðnum . . . eða svo munði kjósendum sagt að minnsta kosti. Tækist honum það ekki, var lítill skaði skeður: Vinson hafði þá aðeins mistekist, eins og öllum hinum, að ná samkomulagi í deilunni.

HÆTTULEGT FRUMHLAUP

Þannig mun „kosningabomban“ hafa átt að vinna. Þáð, sem Truman mun ekki hafa gert sjer ljóst, er, að „bomban“ gat hæglega sprungið í höndum á honum og þá um leið í höndum lýðræðispjóðanna. Í fyrsta lagi hefði það orðið alvarlegur álitshnekkir fyrir Vesturveldin að reyna enn umræður við Moskva, eftir að Berlinardeilan hafði verið lögð fyrir Öryggisráð. Í öðru lagi má ætla, að Vinson, fyrir hönd Trumans forseta, hefði verið liklegur til að semja af Vesturveldunum, því að kosningabeitan var einskis nýt, nema því aðeins að „samkomulag“ næðist um Berlinardeiluna.


Þáð er af þeim ástæðum að hugmyndin um sendiför Vinson vakti svo mikla athygli í Bandaríkjunum og viðar. Þáð er af þeim ástæðum, að ýmsir telja hugmyndina stærsta glappaskot Trumans síðan hann settist í forsetasæti.

DELHI — Indverska stjórnin skýrði nýverið frá því, að Argentina hefði fallist að selja Indverjum 385,000 tonn af hveiti fyrir marsmánuð 1949.

Tvo skólapilta vantar

Herbergi

frá 1. nóv. með húsgögnum, og fæði á sama stað, ef hægt er. Í eða sem næst miðbænum. Tilboð sendist Morgunblaðinu fyrir fímundagskvöld merkt: „X-9 — 207“.



Frá Hull

M.s., FOLDIN“

26.—27. þ. m.

EINARSSON, ZÖEGA & Co. hf
Hafnarhúsinu
Símar 6697 og 7797.

Eftir Ed Dodd



ekki betri við mig.

— Pannig hef jeg það. Læt eins og ekkert sje, þangað til

Minningarorð um Kristinn Einarsson stýrimann



Í DAG verður Kristinn Einarsson stýrimaður, jarðaður.

Hann var einn af þeim fáum mönnum sem frá því fyrir aldamót svo að segja óslitið störfuðu við kúttuerútgerðina, þar til hún lagðist niður og var alla tíða eftirsótt vegna dugnaðar síns og mannkosta.

Um aldamótin, þegar skútun um fjölgangið sem örast, vantaði menn á þær, er höfðu stýrimannspróf, völdu því skipstjórar þann af hásetum sínum, er þeir treystu best fyrir stýrimenn. Því var það að Kristinn Magnússon skipstjóri frá Engey, valdi nafna sinn Einarsson fyrir stýrimann sinn. Þó ólærður væri og var hann með honum þar til hann hætti sjóferðum, síðan var hann mörg ár stýrimaður með undirrituðum og fleirum og datt mjer aldrei í hug að skifta um meðan jeg átti kost að hafa hann, því ábyggilegri og skylduræknari maður mundi vandfundinn Hann var laginn að stjórn öðrum, sem er mikilsvert í þeiri stöðu, bæði á sjónum og ekki síður við afgreiðslu skipanna í landi eins og henni var þá háttar, er skipsh. varð að sjá um hana sjálf að öllu leyti með þeim tækjum, sem þá voru fyrir hendi, mæddi þá ekki hvað minst á árvekni og dugnaði stýrimannsins, en Kristinn mátti altau treysta, auk þess, var hann ágætur fiskimaður, altau rólegur, á hverju sem gekk, altau sama prúdmennið, og hinn besti drengur.

Kristinn var fæddur hjer í bænum og átti hjer heima alla æfi og alltaf í Vesturbænum. Foreldrar hans voru Einar Bjarnason, venjulega nefndur Einar á Melnum og kona hans Kristín Gísladóttir, merk hjón. Hann giftist eftirlifandi konu sinni, Guðrún Oddsdóttur árið 1902, ágætri konu. Þau eignuðust einn son, Odd, er verið hefur skipstjóri og þrjár dætur, sem öll eru gift og búsett hjer í bænum og likjast foreldrum sinum um myndarskap og mannkosti.

„Orðstýr deir aldrei hveim sjer góðan getr“, segir í Hávamálum.

Að Kristinn Einarsson hafi hvívetna getið sjer góðan orðstýr, munu allir sem þekktu, viðurkenna.

Elert Kr. Schram.

WASHINGTON — 31,000 menn taka þátt í flotaðingum þeim, sem Bandaríkjamenn ætla að halda í Norður-Atlanthafi í næstu mánuði.

Morgunblaðið

36. árgangur.

221. tgl. — Miðvikudagur 28. september 1949.

Prentsmiðja Morgunblaðsins

Ávarp Sjálfstæðisflokkssins til þjóðarinnar

Styrkjalaus atvinnurekstur — Afnám haftanna — Aukið athafnafreli

SÍÐASTA ÁRATUGINN hefir Sjálfstæðisflokkurinn lengst af tekið þátt í stjórn landsins. Þegar litið er yfir farinn veg, er augljósi, að fyrir áhrif og forystu Sjálfstæðisflokkssins hafa mörg og stór framfaraspor verið sligin á þessu tímabili í löggjöf og framkvæmdum. Hafa mörg þeirra markað djúp spor í þjóðlifið og sumra þeirra mun gæta um langan aldur. Íslendingar hafa tekið öll sín mál í eigin hendur. Endurreist lýðveldi á Íslandi og freyst samvinnu til öryggis landinu við hinum vestrænu lýðræðisþjóðir. Aldrei hafa jaðr stórfelldar framfarir og nýsköpun orðið í atvinnusögu þjóðarinnar. Togaraflotinn hefir verið endurbyggður. Ný skip kemið í stað gamalla og afköstlin margfaldast. Bátaútvegnum hefir bæst fjöldi nýrra vjelbála. Kaupskipastóllinn hefir fimmfaldast. Þjóðin eignast glæsilegan flugvjelaflofa. Afköst síðarverksmiðja hafa á síðustu 5 árum verið tvöfölduð. Nýjar fiskimjölsverksmiðjur risið upp, hraðfryssthús, niðursuðuverksmiðjur og lýsisverksmiðjur. — **Iðnaðurinn eflst og aukist á flestum sviðum.** Raforkuframleiðslan meira en tvöfaldast. Tímabil nýrrar tækni halist í landbúnaði, með stórkostlegum innflutningi jarðyrkjuverksfæra og búnaðarvjela, og ræktun landsins stórukest. Þúsundir nýrra og hagkvæmra íbúða ve rið byggðar. Markaða fyrir afurðir landsmanna hefir verið að með margþæflum viðskiptasamningum við aðrar þjóðir og efnahagurinn bættur með þáttlöku í efnahagssamvinnu Norðurálfuríkjanna.

Mörg þessara mála hafa verið leyst með góðu samstarfi við aðra flokka. En til þess að fá framengt ýmsum þessara merku þjóðnyfjamála hefir orðið að fallast á suma þá skipan dægurmálanna, sem gagnslæð er stefnu Sjálfstæðisflokkssins og hann myndi aldrei hafa lögfest, ef hann hefði einn mált ráða. Flokkurinn hefir neyðst til að gera ýmis aðvirk frá stefnu sinni í því skyni að varðveita samstarf, sem var þjóðinni nauðsynlegt. Telur flokkurinn, að nú hafi svo langt verið gengið í þessum efnum, að í óefni sje kemið. Reynslan og rás viðburðanna hafa sýnt á ótvíræðan hátt, að núverandi efnahagsörðugleikar þjóðarinnar eru í meginatriðum sprottnir af því, að grundvallarslefna Sjálfstæðisflokkssins hefir ekki fengið að ráða. Þess vegna telur flokkurinn þjóðarnauðsyn, að hjeðan af gæti stefnu hans í ríkara mæli en verið hefir hin síðari ár, og að breyting verði gerð í mörgum höfuðþáttum þjóðmálanna. Vill hann í því sambandi taka þetta sjerstaklega fram:

Athafnafrelið eykur afköstin.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN lítur svo á að frumskilyrði þess, að Íslendingum geti farnast vel í landi sín, sje, að athafnaþrá manna fái sem viðtækast verksvið, en sje ekki reyrð í viðjar, svo sem gert hefur verið langt úr hófi fram og í vaxandi mæli á undansförnum árum. Flokkurinn telur, að skerðing á athafnafreli landsmanna, með viðtækri lögskipan ríkisihlutanar á öllum sviðum atvinnurekstrar og tilheyrandi nefndum og ráðum, sje orðin óþolandí og valdi stórkostlegri rýrnun á afköstum þjóðarinnar. Fyrir því telur flokkurinn óumflýjanlega nauðsyn, að tafla laust verði snúið af braut ríkjandi ofstjórnar, losað um höft á verslun og athafnalifi og fækkað opinberum nefndum og ráðum, út frá því meginjónarmiði, að landsmönnum verði sem fyrst fengið aftur það at-

hafnafreli, sem þeir þrá og þjóðarhagsmunir krefjast. Sjálfstæðisflokknum er ljóst, að í einni svipan verður þetta ekki gert, enda er forsenda þess að það takist, að ráðið verði fram úr vandamálum verðbólgunnar.

Styrkjastefnan komin í þró.

ÁSTÆÐAN til þess, að Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið úr hinum, og starfræksla útflutningsatvinnuveganna verið torvelduð frá því, sem verið hefði, ef þeim hefði verið gert fárt að starfa styrkjalauast. Ef þessa aðferð að hafa áfram, hlýtur hún á næsta ári að leiða til þess, að enn verður að stórhækka skatta og álögur á almenning og leggja á ný höft og hmölur.

Lausn dýrtíðarmálanna.

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN telur að snúa verði af þessari braut. Hann telur, að ekki megi dragast, að ráðstafanir sjeu gerðar til þess, að atvinnuvegirnir geti starfað styrkjalauast í sæmilegu árferði og með skaplegum aflabrogðum, og hafa þjóðartekjurnar í heild síst aukist, heldur aðeins verið látið í annan vasann það, sem tekið

Framhald á bls. 2.

Ávarp Sjálfstæðisflokkssins til þjóðarinnar

Framhald af bls. 1.

þannig verði greitt fyrir því, að hin miklu nýsköpunartæki verði starfrækt svo, að allir landsmenn geti haft fulla vinnu við eðlilega starfrækslu atvinnuveganna.

Því markmiði, að koma á þenna veg jafnvægi á þjóðarbúskapinn, verður ekki náð nema með margháttuðum, samfelldum aðgerðum, og vill flokkurinn um framkvæmd þeirra byggja á grundvelli sjerfræðilegrar athugunar og hafa samráð við fulltrúa stjettanna.

Hallalaus búskapur ríkissjóðs og honum samræmd starfsemi lánastofnana landsmána eru grundvallar-atriði þeirra aðgerða, sem framkvæma verður.

Verðlag og framleiðslukostnaður í landinu verður að samræmast markaðsverði útflutningsafurðanna í viðskiptalöndunum. Sjálfstæðisflokkurinn telur gengisbreytingu í því skyni algert neyðarúrræði, en vekur athygli á, að skráning á gengi gjaldeyrisins hlýtur að miðast við, að hún greiði fyrir starfrækslu atvinnuveganna, fullri atvinnu og lífvænlegum kjörum almennings. Þetta er markmiðið, sem allar ráðstafanir ber að miða við.

Frjáls verslun.

MIKILVÆGUR þáttur í því að koma á jafnvægi í þjóðarbúskapnum er að gera verslunina frjálsa, og verður að gera það sem fyrst, þótt það geti ekki orðið til fulls fyrr en fullkomandi jafnvægi er fengið, enda mun svartur markaður og margskonar óheilbrigði í verslunarháttum ekki hverfa fyrr en þessu marki er náð. Meðan svo er ekki, legur flokkurinn áherslu á, að meira rjettlæti og jöfnuður ríki um innflutning og dreifingu vara til landsins og einstakra landshlutá en nú er. Auka verður hið bráðasta influtning nauðsynlegustu neysluvara, sem i senn mundu bæta hag almennings og draga úr verðbólgunni, enda er þá hægt að afnema með öllu skömmtu á slíkum neysluvorum.

Lækkun skatta og tolla.

AÐALASTÆÐURNAR til þess að ríkissjóður hefur þrátt fyrir sívaxandi skatta, safnað skuldum að undanförnu, eru hinir beinu og óbeinu styrkir, sem veittir hafa verið til að halda uppi starfrækslu atvinnuveganna. Jafnskjótt og atvinnuvegunum verður gert fært að starfa styrkjalaust með öllu og jafnvægi er komið á, verður hægt að ljetta af sköttum og tollum. Enda mundu minnkandi ríkisafskipti hafa í för

með sjer að minnka mætti ríkisbáknið og þar með draga úr reksturskostnaði ríkisins, svo sem nauðsynlegt er.

Jafnframt verður að auka völd fjármálaráðherra yfir greiðslum úr ríkissjóði frá því, sem nú er. Slikt er forsenda góðrar fjármálastjórnar a. m. k. á meðan samsteypustjórn helst. Því að reynslan hefur sýnt, að fjármálaráðherra skortir mjög völd í þessum efnum gegn öðrum flokkum, sem miklu minni áhuga hafa en Sjálfstæðisflokkurinn fyrri hóflegri meðferð ríkisfjár.

Sjálfstæðisflokkurinn hefur fyrr og síðar sýnt það í verki, að fjármálastjórn hefur farið honum vel úr hendi, þegar og þar sem hann hefur einn ráðið. Nægir þar að benda á fjármálastjórn höfuðborgarinnar, þar sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur einn markað stefnu og borið ábyrgð.

Afnám haftanna, aukið athafnafrelsi einstaklinganna og ljetting skattabýrðarinnar mundi auka afrakstur þjóðarbúsins og skapa skilyrði fyrir bættum lífskjörum almennings.

Slikar framkvæmdir, ásamt jafnvægi í atvinnliði landsmanna yfirleitt, eru og undirstaða þess að leysa megi hin miklu húsnæðisvandræði, sem nú eru víða í kauptúnnum og kaupstöðum vegna hins mikla fólkssjölda, er þangað flykkist. En Sjálfstæðisflokkurinn telur höfuðnauðsyn, að úr vandræðum þessum verði bætt sem fyrst.

Ályktanir Landsfundar.

LANDSFUNDUR Sjálfstæðisflokkssins, sem haldinn var á Akureyri í júnímánuði 1948, setti flokknúum ítarlega stefnuskrá. Þar var mörkuð stefna í sjávarútvegsmálum, landbúnaðarmálum, iðnaðarmálum, verslunarmálum, um dýrtíð og niðurgreiðslur, um ríkisútgjöld og skatta, um samgöngubætur, atvinnuöryggi, fjelagsmál, uppreldis- og menntamál, utanríkismál, endurskoðun stjórnarskrárinna og frjálsræði í atvinnurekstri, auk stjórnsmálaályktunar. Vill flokkurinn vísa til þessara samþykktu landsfundarins um stefnu flokksins í einstökum málum.

Veitið Sjálfstæðisflokknum meirihluta.

FRAMKVÆMD ALLRA þessara málá er að sjálfsögdum mjög undir því komin, hvert kjörfylgi flokkurinn fær. Bingmönnum hans hefur stundum verið legið á hálsi fyrir að þeir hafi ekki getað komið fram svo miklu af stefnumálum flokksins sem skyldi. En því miður hefur flokkurinn ekki haft meirihluta á Alþingi undanfarandi ár, og meðan svo er, þá er jafnframt undir aðra að sækja um það, hvað að stefnumálum flokksins nær fram að ganga.

STEFNA Sjálfstæðisflokkssins byggist á súgu, eðli og hugsunarhætti þjóðarinnar. Sjálfstæðisstefnan ein er í fullu samræmi við hugsjónie Íslendinga frá öndverðu, um frelsi í stað fjötra, um samheldui í stað sundrungar. Sjálfstæðisflokkurinn hlýtur því, í samræmi við grundvallarstefnu sína, að standa jafnan vörð um lýðræði og mannrjettindi gegn hinum alþjóðlega kommunísmi, sem gengur í berhogg við þessar hugsjónir.

Sjálfstæðisflokkurinn beinir þeirri eindregnu áskerun til íslenskra kjósenda, að þeir fyllti sjer um frambjóðendur flokksins og skapi á Alþingi þann meirihluta Sjálfstæðismanna, er einn megnar að mynda þá festu og öryggi í stjórn landsins, sem þjóðinni er nú brýn þörf á.

Flutningsdagur í sendaráðum austan járntjalds

BUDAPEST, 27. sept. — Í gær með því sje að slíta stjórnmalasambandinu við Júgoslávi.

Gagnrásstafanir Júgoslava.

Í dag barst ungversku stjórninni svo orðsending frá Júgoslóvum, þar sem þeir krefjast þess, að nái starfsmenn við sendiráð Ungverja í Belgrad verði kallaðir heim.

Ætla að slíta stjórnmalasambandi.

Í orðsendingunni mótmæla Júgoslavar mjög harðlega kröfum Ungverja um brotflutning starfsmanna við júgoslavneska sendiráði. Segja, að ætlunin

Maður sem sveik út 37 þús. kr. dæmdur

NÝLEGA var maður að nafni Sigurbjörn Stefánsson, dæmdur í aukarjetti Reykjavíkur, í átta mánaða fangelsi, en honum tókst að svíkja út úr stúlkum 37.000 krónur.

Sigurbjörn bessi á hvergi samastað hjer i bæ. Snemma á þessu ári, fór hann frá konu sinni og fjórum börnum, er öll eru í ómegð. — Siðan hefur hann verið á flækkingi hjer í bænum.

Nokkru eftir að hann sleit samvistum við konu sína, sem ekki var löglega frá gengið, kynntist hann tveim stúlkum. Þeim trúlofaðist hann báðum. Þótt einkennilegt kunní að virðast, þá vissi hvorug stúlkan af hinni, og Sigurbjörn gætti þess

Rússar sýna þýskar áróðurs-myndir

LONDON, 27. sept. — Breska utanríkisráðuneytið skýrði frá því i dag að vitað væri með vissu um að rússneska stjórnin hefði látið sýna andbreskar og andbandarískar kvíkmyndir, sem nasistar framleiddu á striðsárunum og var einn liðurinn í styrjaldaráðóri þeirra. Kvíkmyndirnar sem vitað er með vissu að eru nú sýndar í Rússlandi eru m. a. Die Letzte Runde, framleidd af nasistíska útbreiðslumálaráðuneytinu árið 1940 og Mein Leben für Irland, sem fyrst var sýnd í kvík-

Ármenningar gera jafntefli við finnsku meistarana

HANDKNATTLIEIKSFLOKKUR Ármanns er nú staddur í Finnlandi og mun leika þar nokkra leiki við finnsku handknattleiksflokka. Frjettir hafa borist af fyrsta leiknum, sem Ármenningarnir háðu í Helsingfors. Mótherjar voru finnsku meistararnar í handknattleik "Union". Var betta keppni milli meistara, því að Ármenningarnir eru Íslandsmeistarar í handknattleik.

Kappleikur þessi í Helsingfors var ákaflega spennandi og oftótrúlega tvísýnt um úrslitin, Honum lauk með jafntefli 10 mörkum gegn 16

SVR sigraði BP með 5:1

Í GÆR fór fram knattspyrnukeppni milli starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur og starfsmanna hjá B.P. Var leikid á Fram vellinum. Sigruð

Einkasíða af Bjarna Benediktssonar © Borgarsjálasíðan Reykjavíkur